

Bls. 8

**Draumurinn að
verða íslenskir
ríkisborgarar**

Bls. 10



Hugsjónir og manngildi

Bls. 31



Ódýrt í sólina

Bls. 53



Frábær árangur



Útgefandi:

Efling-stettarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Gaðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Ágúst Þorláksson
Elva Tryggvadóttir
Fjöla Jónsdóttir
Gaðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjálfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Oddný Einarisdóttir
Ólaf Björk Björnsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Hallsteinn Friðbjörsson

Starfsafl

Marianna Traustadóttir
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Útít og umbrot

Einn, tveir og þrír,
auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænin sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Bojan Zeljka Galonja, Bozidar Tosic
og Liljana Damjanovic

Aðsetur

Efling-stettarfélag, Sættúni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern
fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar
inn á bankareikning viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511



Sigurður Bessason

Ekki benda á mig

Þegar kjarasamningar voru undirritaðir á almennum markaði 7. mars 2004 var það sameiginlegt markmið launafólksins og atvinnurekenda að leitast við að tryggja að kaupmáttur gæti aukist hér hægt og bítandi fram til ársins 2008. Kjara-samningarnir árið 2000 og 1997 höfðu sömu markmið að leiðarljósi og skiluðu báðir launafólki auknum kaupmætti þó launatölur sýndust lágur í upphafi. Aðalatriðið er að launin hækki meira en verðlagið.

Til að þetta megi takast þurfa allir ráðandi aðilar þjóðfélagsins, atvinnurekendur, stjórnvöld, sveitarstjórnir og þeir sem mest hafa áhrif á verðlag að taka sameiginlega ábyrgð á verkefninu. Því miður er ástæða til að hafa áhyggjur af áformum og ákvörðunum sem fram hafa komið á undanförunum vikum. Þar gildir hugarafarið í laginu um löggukórinn: *Ekki benda á mig.*

Það er algerlega óásættanlegt fyrir launafólk sem sýnt hefur ábyrgð með samningum um kaupmátt að horfa nú á ráðandi aðila þjóðfélagsins rífa grunninn undan kjarasamningunum með skammtímasjónarmið að leiðarljósi.

Helstu sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu eru að hækka útsvarsprósentu upp í topp og hækkan fasteignaverðs stórhækkan skattlagningu í gegnum fasteignaskatt af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis. Þessar sömu sveitarstjórnir hafa sumar hverjar nýlega hækkað leikskólagjöldin. Stjórnvöld hafa ákveðið að hækka komugjöld á sjúkrahúsin. Bankar hafa keppt við ríkið um aukningu lánsfjár til íbúðakaupa sem hefur spennt upp íbúðaverð með tilheyrandi skattlagningu. Orkufyrirtækin og Landsvirkjun hyggjast í skjóli kerfisbreytingar lauma inn enn einni hækkan gagnvart neytendum. Í dag virðast stjórnendur telja að þeirra hækkanir séu byggðar á sanngirni sem ekki hafi áhrif á kaupmátt eða verðbólgu.

Vaknið, þið berið ábyrgð líka!!

Lífeyrisjóðir í vanda

Samkvæmt nýjum örorkulíkum er ljóst að öryrkjum hefur fjölgað verulega og ljóst að þessar nýju örorkulíkur setja fjölda sjóða í mikinn vanda. Þá hefur langlífi aukist og lífa Íslendingar nú mun lengur en við upphaf lífeyriskerfisins.

Fjölmargir aðrir þættir hafa áhrif á stöðu sjóðanna og er nú verið að skoða lífeyrismálin í heild. Þetta er vandi sem er ekki eingöngu vandi lífeyrisjóðanna heldur líka vandi sem snýr að ríkisvaldinu. Staðan er hins vegar sú að hluti landsmanna er gulltryggður fyrir slíkum áföllum meðan fólk í almennu sjóðunum þarf að taka á sig áföllin af aukinni örorku og lengri ævi.

Það hlýtur að vera áleitinn spurning hvaða réttlæti sé í því að hluti landsmanna hafi búi við öryggi í lífeyrismálum sem greitt er af hinum almenna launamanni sem jafnframt þarf að axla ábyrgð á því ef sjóðurinn hans þarf á leiðréttingu að halda vegna aukinnar örorku eða lengri lífaldurs.

Hér er verkefni sem stjórnvöld og lífeyrissjóðirnir eiga að sameinast um að leysa.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stettarfélags

EFNISYFIRLIT

Hækkanir á launum	4	Liggur þér eitthvað á hjarta	27
Starfsmannaviðtöl	6	Spennandi fyrir trúnaðarmenn	28
Draumur að verða ríkisborgarar	8	Breytingar framundan	30
Að kveikja elda	10	Ódyrt í sólina á spáni	31
Páskaúthlutun	12	Fleiri orlofsávísanir	33
Svikafyrirtæki	16	Landnemar	40
What support do I get	18	Betri sjúkrasjóður	43
Sjálfstyrking	19	Himinlífandi	44
Félagsleg námskeið	20	Aðgerðir gegn einelti	48
Ef ég væri ríkur	22	Efling styrkir SÁÁ	50
Náms- og starfsráðgjöf	24	Frábær árangur	53
Geddeild LSH í félagsliðanám	26		



Kynning á starfsmatinu hjá Eflingu - stéttarfélagi

Starfsmat sveitarfélaga

Niðurstöður liggja fyrir

Þessa dagana er verið að innleiða nýtt starfsmatskerfi hjá sveitarfélög-

unum. Um er að ræða samskonar kerfi og Reykjavíkurborg tók upp í

nóvember sl. Búið er að meta flest störf en um er að ræða starfsmat í um 100 sveitarfélögum og um 50 stéttarfélögum og því um flókið og viðamikilið verk að ræða.

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga var miðað við 2% – 4% launahækkun sem gildir frá 1. desember 2002. Í Kópavogi og á Seltjarnarnesi gildir þessi hækkun frá 1. mars 2004 en starfsmat Mosfellsbæjar er afturvirkir frá 2002 og niðurstöður liggja þar fyrir eins og hjá hinum sveitarfélögum.

Þá eru sum störf að hækka meira en önnur, jafnvel meira en 4% og önnur störf hækka minna en 2% eða standa í stað. Mikilvægt er að hafa í huga að samkvæmt kjarasamningum er tryggt að enginn starfsmaður, sem nú er í starfi, lækki í launum við launaákvörðanir sem byggjast á starfsmatinu.

Kjör starfsmanna sem sinna störfum sem ekki hafa fengið starfsmat haldast óbreytt að sinni en haldið verður áfram vinnu við að ljúka matinu gagnvart þeim.

Kynning á starfsmatinu fer fram á næstunni meðal félagsmanna sem starfsmatið tekur til.

Hækkanir á launum og lífeyrissjóðsiðgjöldum um áramótin

Frá 1. janúar 2005 hækka laun almennt um 3% og mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð hækka einnig.

Mikilvægt er að félagsmenn fylgist vel með að verið sé að uppfylla ákvæði kjarasamninga nú um áramótin. Laun á almenna markaðnum, hjá ríkinu, hjúkrunarheimilum, sjálfseignarstofnunum og Reykjavíkurborg hækka um 3%. En samningar hjá launaneftnd sveitarfélaga er laus 30. apríl 2005.

Laun hækka um áramótin um 3%

**Almenni markaðurinn
Mótframlag atvinnurek-
anda í lífeyrissjóð
hækkar í 7%**



Á almenna markaðnum hækka mótframlag launagreiðanda úr 6% í 7% 1. janúar 2005.

Hjá ríkinu, hjúkrunarheimilum, sjálfseignarstofnunum og Reykjavíkurborg fer mótframlagið í 9%. Hjá

Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ verður lífeyrissjóðsframlag launþega 5% og mótframlag launagreiðanda 10,5%.



Starfsmannaviðtöl – Launaviðtöl á almennum markaði

Nýtum okkur réttinn

Í síðustu kjarasamningum kom inn nýtt ákvæði í samninga Eflingar-stéttarfélags á almennum vinnumarkaði þar sem kveðið er á um að þegar atvinnurekandi skipuleggur starfsmannaviðtöl þá taki þau einnig til félagsmanna Eflingar á vinnustaðnum. Það kom fram í síðustu Gallupkönnun Eflingar að karlar eru mun duglegri en konur að leita eftir umframhækkunum launa eftir þessari leið og því er það mikilvægt að hvetja konur ekki síður en karla að óska eftir launaviðtali hjá sínum yfirmanni.

Framkvæmd starfsmanna- og launaviðtala innan fyrirtækja og stofnanna hefur aukist á síðustu árum. Tilgangur starfsmannaviðtala er meðal annars sá að samræma þarfir og óskir starfsmanna og fyrirtækisins. Þau eru einnig kjörinn vettvangur til að styrkja samskipti yfirmanns og starfsmanns, efla sjálfstæði og vöxt starfsmanns og koma á markvissri símenntun innan fyrirtækja. Þegar um launaviðtöl er að ræða kemur til viðbótar umræða um kaup og kjör.

Niðurstaða úr þessum viðtölum byggist að hluta á því hvernig við höfum undirbúið okkur fyrir þau. Námskeiðið starfsmannaviðtöl – launaviðtöl er hugs-

að sem hjálpar við undirbúning. Á námskeiðinu er fjallað almennt um viðtöl milli starfsmanna og stjórnenda og hvernig starfsmenn geti undirbúið sig undir þau og niðurstöður þeirra.

Það kom fram í síðustu Gallupkönnun Eflingar að tvöfalt fleiri karlar en konur óska eftir launahækkunum umfram samningsbundin laun. Þess vegna

er mjög mikilvægt að konur jafnt og karlar leiti eftir starfsmannaviðtölum til að knýja á um kjör sín og annað í starfsumhverfinu.

Námskeiðið, sem tekur tvö kvöld, verður haldið í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð þann 14. og 19. apríl frá kl 19:00 til 22:00

Nýr afleysingastarfsmaður

Ólöf Björk Björnsdóttir

Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn tímabundið á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags til að sinna orlofs- og kjaramálum. Ólöf Björk Björnsdóttir tekur við störfum í orlofs- og kjaramáladeild þar sem hún sinnir störfum fram á haustið 2005. Ólöf Björk hefur talsverða reynslu á vinnumarkaði, hefur unnið hjá Álafossi, Samskipum, Hömlum- rekstrarfélagi Landsbankans en einnig vann hún um tíma í Shanghai í Kína við tiskuvöruverslun.



Ólöf Björk Björnsdóttir



Eigum draum um að verða íslenskir ríkisborgarar

-segir Ljiljana Damjanovic

Ég flutti hingað árið 1999 ásamt eiginmanni mínum, Bozidar Tosic Djordje Galonja og syni okkar sem er 11 ára. Þetta var á þeim tíma þegar Nató ákvað að koma Milochevich frá völdum og létu sprengjur rigna yfir Serbíu í þeim tilgangi. Sem betur fer tókst þeim þetta ætlunarverk sitt en það kostaði miklar fórnir segir Ljiljana Damjanovic, ung kona frá Serbíu, sem kom til Íslands til þess að hefja nýtt líf fyrir fjölskyldu sína í nýju landi. Bærinn þar sem við áttum heima heitir Vrsac og er mjög gamall en afskaplega fallegur og íbúar eru c.a. 14 þúsund, segir Ljiljana.

Bozidar seldi húsið okkar í Vrsac og eftir sjö mánaða dvöl hér keyptum við íbúð í Álfamýri og okkur liður mjög vel þar. Við fengum strax vinnu í brauðgerð í Mosfellsbæ en hún hætti starfsemi og núna vinn ég sem skólaliði í Álfamýrarskóla og Bozidar vinnur í Þvottahúsinu Fönn. Sonur okkar heitir Bojan Zeljka Galonja og stundar nám í Öskjuhlíðarskóla. Hann er mjög ánægður í skólanum og við erum afskaplega þakklát hvað starfsfólkið hugsar vel um

hann.

Ljiljana starfaði í átta ár sem lögfræðingur í heimabæ sínum en Bozidar hafði unnið við akstur í 20 ár. Hún segist ekki sjá fram á að hún geti unnið við lögfræðistörf hér vegna þess að sér hafi ekki gengið nógu vel að læra íslensku og það sama eigi við um Bozidar. En þau séu mjög ánægð með störfin sem þau stundi núna. Sonur okkar talar aftur á

En við eigum svolítið erfitt með að venjast myrkrinu á veturna



móti mjög góða íslensku og hefur eignast marga góða vini í skólanum og líka hjá Knattspyrnufélaginu Fram þar sem hann æfir fótbolta.

Ástandið gott á flestum sviðum

Við erum virkilega ánægð hér vegna þess að ástandið er svo gott á flestum sviðum en við eigum svolítið erfitt með

að venjast myrkrinu á veturna. En ljósin sem fólk skreytir með fyrir jólin bætir myrkrið upp og gerir okkur auðveldara að komast í gegnum þessa myrku daga.

Við höfum eignast marga íslenska vini sem hafa reynst okkur mjög vel á erfiðum stundum og eins hafa margar fjölskyldu frá heimabæ mínum í Serbíu flutt hingað og við hittumst oft og spjöllum saman og skemmtum okkur.

Á sumrin förum við til Serbíu og dveljum þar í 2 mánuði hjá fjölskyldu okkar. Sonur okkar vill líka heimsækja afa sinn og ömmu en hún hefur tvisvar komið til okkar í heimsókn.

Ljiljana segir að hana dreymi um að koma á viðskiptasambandi milli Serbíu og Íslands. Ég komst í samband við áhrifamann í útflutningi hér og hef góða von um að það eigi eftir að leiða til einhvers góðs fyrir báða aðila. Svo á ég mér annan draum og reyndar er hann sameiginlegur draumur allra í fjölskyldunni. Hann er á sá að við getum öll orðið íslenskir ríkisborgara áður en langur tími liður, sagði þessi geðþekka kona og brosti gláðlega.



Svo lengi lærir sem lifir!

Hugsjónir og manngildi skipta mestu

- segir Guðrún Halldórsdóttir

Þegar við setjumst niður til að rifja upp feril Guðrúnar Halldórsdóttur hjá Námsflokkum Reykjavíkur þá er eitt og aðeins eitt sem fer um hugann. Leiftrandi áhugi hennar og smitandi hugur sem kveikir elda um allt. Brennandi áhugi hennar á að hjálpa og liðsinna fólki til menntunar, fólki sem oft átti ekki nokkurn kost á að afla sér menntunar. En Guðrún fann leiðir fyrir marga. Hún fann ótrúlega oft úrræði til að hjálpa fólki til að ná markmiðum sínum. Fyrir það eru margir henni þakklátir því hún breytti lífi þeirra og gaf fólki á öllum aldri nýjar vonir um nýtt og betra líf með aukinni þekkingu og menntun.

Guðrún hefur verið skólastjóri Náms-

flokkanna s.l. 30 ár. Á þessum tíma hafa Námsflokkarnir stækkað og breyst og ný verkefni hafa komið m.a. vegna nýbúa og atvinnulausra. En samstarf Eflingarstéttarfélags áður Sóknar hefur varað frá árinu 1978 og hófst með einu námskeiði fyrir umönnun aldraðra og fatlaðra. Smám saman þróaðust námskeiðin fyrir allar starfsgreinar með aðstoð Guðrúnar og eiga nú allir starfshópar á sviði öldrunar, fötlunar, á leikskólum, í eldhúsum og bítibúrum möguleika á að afla sér starfstengdrar menntunar á 2-3 námskeiðum í mest 230 tíma.

En hvað varð þess valdandi að svo margir komu á námskeiðin í Námsflokkunum?

Þetta tókst af því að við væntum þess

sameiginlega að fólk hefði áhuga og vildi læra meira til að auka þekkingu sína. Á upphafsárunum skipti námstækni miklu máli því þar fengu nemendur hvatningu og stuðning við að öðlast trú á getu sína til að geta lært. M.a. var rætt um hindranir eins og lesblindu og að það þyrfti ekki að vera hindrun eins og mín eigin saga sannar, segir Guðrún.

Nú hefur útskrifast mjög stór hópur eða um 8-9000 manns í gegnum árin. Áttir þú von á þessari miklu þörf?

Jú, ég gat alveg séð fyrir mér mikla þörf. Ég þekkti vel þessi störf því ég vann á Vífilstöðum sem ung stúlka og þar sá ég margt fólk sem gat og vildi læra meira.

Pörf fyrir mismunandi leiðir

Finnst þér ekki athyglisvert hve stór hópur hefur haldið áfram í frekara nám?

Það er afar gleðilegt og sýnir þörf fyrir mismunandi leiðir til að auka tækifæri fólks til náms. Það sýnir líka að skóla-kerfið þarf að vera fjölbreytt til að koma til móts við mismunandi aðstöðu fólks.

Eru aðrar aðferðir við að kenna full-orðnu fólki?

Já, það þarf manneskjulegra umhverfi, færri skrifborð á milli nemenda og kennara, með öðrum orðum að mætast á jafnréttisgrundvelli.

Eru nemendur öðruvísi staddir nú en fyrir 26 árum?

Já, að hluta til því æ fleiri eru tengdir atvinnulífinu. En áður kom fólk meira beint frá uppeldi barna og eldhúsinu heima. Þá var einnig boðið upp á verslunarbraut sem endurkomu út í atvinnulífið. Fólk á lengri starfsferil í dag. Í kjölfar þessarar þróunar kom svo forskóli sjúkraliða og aðrar brautir sem gefið hafa fólki önnur tækifæri til náms.

Við veltum upp hvort samstarfið hefði leitt af sér einhverjar meiriháttar breytingar? Að mati Guðrúnar er það svo eins og t.d. þegar 100 stunda námskeiðin komu þá varð mikil breyting og námið varð samfelldara sem hægt var að byggja ofan á. Það gaf fólki ný tækifæri og nýja stöðu.

Nú eru þessi námskeið samantlagt metin sem 17 einingar t.d. inn í nám til félagsliða en það er merkilegur áfangi. Það er af þessum námsbrautum sem spruttu aðrar brautir eins og nuddbraut, heilbrigðisbraut og félagsliðabraut en að því loknu fer fólk oft í framhaldsskóla og lýkur prófi í viðkomandi fagi en sumum má ljúka í Námsflokkunum eins og Félagsliðanáminu.

Afar minnisstæð ávörp

Það er margs að minnast frá þessum árum og margar hátíðastundir við að útskrifa nemendur af námskeiðum en þá voru ávörp Guðrúnar afar minnisstæð því þau komu að kjarna hins mannlega og er því spurningin hverju hún vildi sá með sínum orðum. Hún segir:

Hugsjónir og manngildi skipta mestu og ég sá svo oft í þessu fólki að mannleg samskipti eru svo mikilvæg og ég lifði fyrir það. Mestu skiptir að fólk sem vinnur við og með fólk, hafi hugsjónir og finni verðmætin í hinu mannlega sem mölur og ryð geta ekki grandað; að manngildið sé sett öðru ofar.

Þökkum Guðrúnu frábært samstarf

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Nú eftir áramótin er Guðrún að láta af störfum og viljum við af því tilefni þakka henni frábært samstarf liðinna ára og hennar ómetanlega þátt í að nemendur urðu svo margir og ánægðir með sitt nám, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar.



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir



Páskaúthlutun orlofshúsa Eflingar

Tekið við umsóknum til 18. febrúar

Tekið verður við umsóknum um orlofshús til 18. febrúar n.k. Umsóknir og upplýsingar um húsinn liggja frammi á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1, 105 Reykjavík og á

heimasíðu félagsins www.efling.is. Hægt er að fá eyðublað sent á faxi og með pósti.

Umsóknareyðublað fylgir með blaðinu, bls. 36.

Landssvæði	Fjöldi húsa	Verð	Punktafrádrag
Úthlíð - með potti	2	14.500 kr.	48
Flúðir - með potti	1	14.500 kr.	60
Ölfusborgir - með potti	10	14.500 kr.	60
Kirkjubæjarklaustur	3	13.000 kr.	48
Svignaskarð - stór m/potti	6	14.500 kr.	60
Svignaskarð - lítil m/potti	7	13.000 kr.	48
Skorradalur	1	16.000 kr.	60
Húsafell - með potti	3	14.500 kr.	60
Akureyri	6	14.500 kr.	48
Arnarstapi	1	14.500 kr.	48

Úthlutun mun liggja fyrir 23. febrúar og greiðslufrestur hjá þeim sem fá úthlutað er til 4. mars n.k. Frá og með 9. mars er hægt að athuga hvort eitthvað hafi fallið út.

Húsin verða leigð í viku frá 23. mars - 30. mars n.k. Úthlutun er eftir punktakerfi sem byggist á iðgjaldasögu félags-

manna síðustu 12 ár. Hægt er að senda tölvupóst á netfangið efling@efling.is og þarf þá að koma fram nafn, kennitala og hvaða hús er sótt um í fyrsta val, annað val, allt að 6 möguleika.


Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis



Svignaskarð - minna

Leigutími: allt árið

Sjö hús með potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir fimm manns.



Svignaskarð - stærra

Leigutími: allt árið

Sex hús með potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta manns.



Hvammur í Skorradal

Leigutími: allt árið

Stærsta hús félagsins um 160 fermetra með sex svefnherbergjum með vaski, eldhús með frystiskápi, tvö baðherbergi, stofa og borðstofa. Alls geta gisti þar níu manns í rúmunum og fjórir á dýnum auk barnarúma. Sængur eru fyrir tólf.



Húsafell

Leigutími: allt árið


Þrjú hús með heitum potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, stofa eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Svefn- aðstaða er fyrir sex til sjö manns.



Íbúðir á Akureyri

Leigutími: allt árið

Sex íbúðir eru á Akureyri. Í íbúðunum erum tvö svefnherbergi, stofa, eldhús með borðkrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir fimm til sjö. Aukadýnur fylgja. Sængur eru fyrir fimm til sjö manns.



Kirkjubæjarklaustur

Leigutími: allt árið

Þrjú orlofshús. Í tveimur húsanna eru þrjú svefnherbergi en í einu eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts, stofu, borðstofu með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefn- aðstaða er fyrir 8 manns og sængur fyrir jafnmarga.

Flúðir Ásabyggð

Leigutími: allt árið

Eitt hús með heitum potti. Húsið er með tveimur svefnherbergjum, svefnlofti, eldhúsi með borðkrók, stofu og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta.



Úthlíð

Leigutími: allt árið

Þrjú orlofshús með heitum potti. Svefnpláss er fyrir fimm í tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts með dýnum fyrir fjóra til sex til viðbótar. Sængur eru fyrir 10 manns.



Ölfusborgir

Leigutími: sumarleiga. Vetrarleiga í þjónustumiðstöð s: 483 - 4260, opið má., þri. og fim. 12:30 - 16.00 og fös. 14.00 - 21.00. (fyrir utan páska)


Tíu orlofshús með heitum potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða og sængur er fyrir sex manns.



Arnarstapi

Leigutími: páska og sumarleiga

Leiguhús á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi með svefnplássi fyrir sex auk svefnlofts með fjórum dýnum, stofa, eldhús og bað með sturtu.



Umsóknareyðublað er að finna á bls. 36

Páskaúthlutun Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis



Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.



Fréttaskýring

Svikafyrirtæki á vinnumarkaði

Dæmi eru um að fyrirtæki hér á landi segi upp íslenskum starfsmönnum sínum eða hreinlega vilji þá ekki í vinnu og sæki síðan um atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn. Því miður hafa atvinnurekendur í þessari stöðu fengið atvinnuleyfi. Nýlega hefur komið til kasta Eflingar-stéttarfélags mál þar sem atvinnurekandi er ítrekað uppvís að því að vera með ólöglega starfsmenn í vinnu. Hér er um mjög alvarlegt afbrot að ræða, raunverulegt þrælahald erlendra manna sem eiga engan möguleika á því að ná rétti sínum gagnvart óheiðarlegum atvinnurekanda. Einnig er málið alvarlegt fyrir atvinnurekendur sem eiga í samkeppni á vinnumarkaði við menn sem greiða lág eða engin laun og borga hvorki skatta né aðrar skyldur af launafólki sínu. Því miður tekur löggjafinn og lögreglan ekki á þessum málum með þeim hætti að þeim linni. Þau halda áfram.

Nýlega komu sex Litháar á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags og höfðu þeir verið í vinnu hjá fyrirtæki sem heitir Perla ehf. Þeir voru að fara úr landi launalausir og sögðu að hjá Perlu ehf ynnu um það bil 25 starfsmenn án allra leyfa. Fé-

Óvandaðir atvinnurekendur sem vilja losna við eðlilegan kostnað af starfsmönnum sínum ráða fremur þá til vinnu sem ekki þekkja rétt sinn



lagið hafði samband við útlendingadeild lögreglunnar í Reykjavík og handtók hún þrjá eða fjóra starfsmenn fyrirtækisins. Þetta er byggingafyrirtæki og er rek- ið af Eysteini Gunnari Guðmundssyni, þeim sama og fékk dóm sem forsvars-

maður Eystrasaltsviðskipta árið 2002 fyrir að hafa nfu útlendinga í vinnu án atvinnu- og dvalarleyfis.

Sektin sem Eysteinn fékk var 300 þúsund krónur! Miðað við að hafa haft mennina í vinnu um tíma og losnað við eðlilegan kostnað við starfsmennina, má gera ráð fyrir því að Eysteinn hafi sloppið vel og hagnast þar sem hann losnaði við að greiða starfsmönnum sínum laun, öllum með tölu.

Eysteinn þessi heldur sem sagt áfram á sömu braut og lætur ekki deigan síga. Hann fær verkefni sem hann býður í enda getur hann boðið lægra en aðrir eins og gefur augaleið ef atvinnurekandi sleppur við að borga laun, lífeyrissjóð, félagsgjöld og skatta.

Mál þetta er hjá lögreglunni í Reykjavík.

Ákæra var á sínum tíma gefin út vegna sex Litháa sem Eysteinn Gunnar hafði verið með í vinnu á árunum 2002-2003. Vandinn er sá að þessi mál

taka oft marga mánuði í dómskerfinu og á meðan geta óprúttir atvinnurek- endur haldið áfram á sömu braut.

Af hverju útlendinga?

Ástæða þess að þessi fyrirtæki vilja ekki Íslendinga inn fyrir sínar dyr er sú að þeir þekkja margir hverjir rétt sinn til

launa, þekkja til ýmissa ákvæða í kjarasamningum t.d. kaffi- og matartíma og önnur réttindi. Övandaðir atvinnurek- endur sem vilja losna við eðlilegan kostnað af starfsmönnum sínum ráða fremur þá til vinnu sem ekki þekkja rétt sinn á vinnumarkaði og vita ekki hvert á að sækja hann.

Því miður er þetta látið viðgangast undir nefinu á stjórnvöldum. Stofnun sem heyrir undir félagsmálaráðuneyti- id, Vinnumálastofnun hefur ítrekað gefið atvinnuleyfi til fyrirtækja sem ekki borga laun, skatta, lífeyrissjóð eða sinna öðrum lögbundnum skyldum atvinnu- rekenda.

Fyrirspurn um veitingu atvinnuleyfa

Ekki hafnað þrátt fyrir neikvæðar umsagnir

Jóhanna Sigurðardóttir sendi fyrirspurn á síðasta ári til félagsmálaráðherra um eftirlit með ráðn- ingarsamningum útlendinga og brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Óskað var skriflegs

svars. Svarið var athyglisvert og er vitnað í það hér á eftir. Í svarinu sagði m.a.

„Ef ábendingar í umsögnum stétt- arfélaga eru þess efnis að iðgjöld og opinber gjöld séu í vanskilum hefur

Vinnumálastofnun ekki synjað um- sóknum af þeim ástæðum einum nema um stórfelld vanskil og grun- semdir um misferli í því sambandi, enda innheimta launatengdra gjalda ekki í verkahring stofnunarinnar.

..... Að höfðu samráði við félags- málaráðuneytið hefur Vinnumála- stofnun almennt ekki hafnað um- sóknum um framlengingu atvinnu- leyfa þrátt fyrir neikvæðar umsagnir stéttarfélag, hvort sem um er að ræða neikvæða umsögn vegna atvinnuá- stands eða vanskila á iðgjöldum“.

Sem betur fer er mikill meirihluti fyr- irtækja á Íslandi í lagi og væri ekki betra fyrir viðkomandi starfsmann að vinna hjá slíkum fyrirtækjum?

Er það virkilega stefna stjórnvalda að í landinu séu tvö kerfi, eitt fyrir íslend- inga og fyrirtæki sem eru í lagi og annað fyrir útlendinga og fyrirtæki sem fara ekki að lögum?

Vinnumálastofnun veitir atvinnuleyfi til fyrirtækja í umboði félagsmálaráð- herra. Stéttarfélögin eru aðeins umsagn- araðili.

Þegar fyrirtæki hefur fengið atvinnu- leyfi fyrir erlendan starfsmann kemur starfsmaðurinn til landsins og hefur störf. Erlendi starfsmaðurinn hefur öll sömu réttindi og skyldur varðandi kaup og kjör og íslenskur starfsmaður. At- vinnuleyfið er oftast veitt í eitt ár. Þegar árið er liðið sækir fyrirtækið um fram- lengingu á atvinnuleyfinu í annað ár. Þegar um er að ræða störf á samnings- sviði Eflingar fara umsóknir fyrst inná borð Eflingar. Hjá félaginu starfar nefnd sem fer yfir allar umsóknir. Nefndin at- hugar td. hvort margar kvartanir hafi borist frá starfsmönnum þessa fyrirtæk- is, hvort fyrirtækið hafi skilað lífeyris- sjóði og félagsgjöldum af starfsmannin- um og hvort fyrirtækið hafi t.d. verið að segja upp starfsfólki.

Ef tilefni er til er einnig athugað hvort fyrirtækið hafi skilað sköttum sem dregnir eru af launamanninum.

Ef í ljós kemur að fyrirtækið skili ekki lífeyrissjóðsgjöldum og félagsgjöldum á- samt skattinum af starfsmanninum þá er veitt neikvæð umsögn og atvinnuleyfi hafnað af hálfu stéttarfélagsins.

Umsögnin er send áfram og endar hjá Vinnumálastofnun sem í sumum tilvik-

um heimilar atvinnuleyfi þrátt fyrir nei- kvæðar umsagnir stéttarfélag.

Á sama tíma eru fyrirtæki sem taka á sig fulla ábyrgð, bæði í starfsmannamál- um og lögbundnum greiðslum að keppa við þessi ómagafyrirtæki.

Sleppt eftir yfirheyrslur

Í vinnu áfram????

Um miðjan desember tilkynnti Efl- ing stéttarfélag Útlendingadeild lög- reglunnar að hópur manna frá Lit- háen væru við störf hjá byggingarfyr- irtækinu Perlunni ehf., án þess að hafa tilskilin leyfi og voru nokkrir menn handteknir og færðir til yfirheyrslu. Í framhaldi af því kannaði Fréttablað Eflingar hvernig staðið væri að með- ferð málsins hjá lögreglunni.

Jónas Magnússon hjá Útlendinga- deild lögreglunnar upplýsti að þetta tiltekna mál hefði verið í rannsókn hjá þeim en síðan hefði það verið sent á aðra deild - deild 4 til frekari rann- sóknar. Þá hafði blaðið samband við Óskar Sigurðsson á deild 4 og fékk þau svör að málið væri í höndum lög-

fræðideildar lögreglunnar.

Par varð Þorsteinn Skúlason fyrir svörum og upplýsti blaðið um að mál- ið væri í sínum höndum en sér hefði ekki ennþá gefist tími til þess að skoða það vegna þess að hann væri nýkom- inn úr frí og gæti af þeim sökum ekki upplýst blaðið frekar um framhald málsins að svo stöddu.

Hvað varð um mennina?

Fréttablað Eflingar-stéttarfélags hef- ur heimildir fyrir því að Litháarnir sem voru handteknir hafi verið sleppt eftir að þeir voru yfirheyrðir og bend- ir ýmislegt til þess að þeir hafi farið aftur til starfa þó að þeir hafi ekki at- vinnuleyfi hér á landi.



Viltu fara í nám eða á námskeið?

Hvað fæ ég endurgreitt?

- Nýtum okkur stuðning stéttarfélagsins til náms!

Réttur félagsmanna Eflingar til einstaklingsstyrkja getur verið mismunandi eftir því hvort viðkomandi starfar hjá ríki, borg eða á almenn-

um vinnumarkaði, en einnig er lagt mat á starfstengingu námsins við útlutun námsstyrkja.

Meginreglur starfsmenntasjóða

Eflingar gera ráð fyrir að umsækjandi hafi verið í félaginu í 12 mánuði áður en sótt er um styrk en greitt er hlutfallslega fyrir hlutastörf. Styrkir til einstakra félagsmanna vegna starfsnáms að eigin vali geta verið allt frá 35.000 til 44.000 krónur á ári eftir sjóðum. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af kostnaði við viðkomandi námskeið.

Til þess að sækja um styrk þarf að fylla út sérstakt eyðublað sem fæst á skrifstofu Eflingar, skila inn reikningi fyrir greiðslu á námskeiði ásamt ljósriti af síðasta launaseðli og staðfestingu á að hafa lokið námskeiðinu. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Eflingar undir liðnum fræðslumál.

Efling starfrækir í samstarfi við atvinnurekendur starfsmenntasjóði fyrir alla félagsmenn sína. Hlutverk starfsmenntasjóðanna er tvíþætt:

- Að styrkja einstaklinga til starfsnáms að eigin vali þ.e. með einstaklingsstyrkjum.
- Að standa að framboði á starfsmenntanámskeiðum í samstarfi við fræðsluadila og ákveðnar starfsgreinar eða fyrirtæki.

Efling supports education

What support do I have from my union?

The individual's right to receive educational subsidies is dependent on whether employees work for the state, the city or in the private sector. The link between the planned vocational education course, and the job performed, is also evaluated before subsidies are granted.

The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a subsidy must have paid fees to the union for a 12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves may vary from 35.000 kr. to 44.000 per year. In order to apply for a subsidy applicants must complete a special form, available at the Efling office. This may also be found on the Efling homepage under the heading of „Education“. Applicants must also



present a receipt, for payment of a course, together with a copy of their last salary slip.

Efling provides in cooperation with employers, educational funds which are available to all its members. The role of these

educational funds is twofold:

- to grant a subsidy to individuals for vocational education, chosen by themselves, i.e. individual subsidies.
- to offer courses in vocational education in cooperation with educational institutions, specific trade departments or firms.

Alltaf jafn vinsæl námskeið!!!

Sjálfstyrkingin heldur áfram

- opin félagsmönnum að kostnaðarlausu

Efling mun halda áfram með sjálfstyrkingarnámskeið fyrir félagsmenn nú á vormánuðum. Námskeiðin hafa verið haldin um árabil og alltaf verið gífurlega vinsæl. Á þeim er fólki kennt að takast á við ýmskonar uppákomur í lífinu og taka á þeim af staðfestu og réttlæti.

Félagsmenn sem hafa sótt námskeiðin hafa fullyrst að þau nýtist bæði á

vinnustað en ekki síður almennt í daglega lífinu. Kennarar koma frá Mími - símenntun og þau taka yfir þrjú kvöld.

Einnig er áformað að vera með

framhaldsnámskeið í apríl.

Vegna mikilla vinsælda er mikilvægt að skrá sig sem fyrst hjá Eflingu í síma 510-7500.

Hvað	Hvenær	Hve lengi	Klukkan hvað
Sjálfstyrking I	1., 3. og 8 febrúar	3 kvöld	19:00 - 22:00
Sjálfstyrking II	29 - 31 mars og 5. apríl	3 kvöld	19:00 - 22:00

Hefði þurft svona námskeið fyrir 20 árum

-betur undirbúin til þess að takast á við áreiti af ýmsu tagi



Halldóra Anna Jórunnardóttir útskrifaðist sem félagsliði fyrir tveim árum og vinnur núna við umönnun á hjúkrunarheimilinu Sóltúni og hjá félags-

þjónustunni í Hæðargarði. Aðspurð sagði hún, að ástæðan fyrir þátttöku sinni á Sjálfstyrkingarnámskeiðum 1 og 2 í vetur hefði verið að sjálfstraustið hjá

sér hefði ekki verið alveg upp á það besta og samstarfsmenn sínir sem hefðu sótt slík námskeið hefðu gefið þeim mjög góð meðmæli.

Fyrsta kvöldið var ég með hnút í maganum þegar ég mætti í Fræðslusetur Eflingar í Sætúni. En fljótlega fór mér að líða betur eftir að hafa hlýtt á fyrirlestra leiðbeinandans sem var mjög hnitmiðaður og uppbyggilegur.

Þegar ég kom heim fór ég að hugsa um ýmis atriði sem fram komu á námskeiðinu og datt þá í hug að mikið hefði verið gott að fara á svona námskeið fyrir 20 árum. En því miður stóðu þau ekki til boða þá. Ég er sannfærð um að ungt fólk sem er að byrja á vinnumarkaði í dag hefði mjög gott af því að sækja svona námskeið. Þá væru þau betur undirbúin til þess að takast á við áreiti af ýmsu tagi sem ungt fólk verður oft fyrir frá vinnuveitendum og samstarfsfólki eða á öðrum vettvangi í daglegu lífi sínu.

Námskeiðið hjálpaði mér mikið og núna á ég mun auðveldara með að tjá mig ef einhver vandamál koma upp í samskiptum mínum við fólk. Ég var ekki nógu kjörkuð áður til þess að tjá mig ef mér fannst einhver gera á hlut minn. En núna veit ég að það borgar sig ekki að taka hlutunum þegjandi og hljóðalaust þegar maður er beittur órétti. Heldur á að leiða vandamálin til lykta strax og þá verða þau úr sögunni sagði Halldóra að lokum.



Félagsleg námskeið Eflingar vorið 2005

Efling - stéttarfélag stendur á hverju misseri að fjölda félagslegra námskeiða sem eru opin öllum félagsmönnum þeim að kostnaðarlausu. Fjallað er um hvert og eitt þeirra sérstaklega hér í blaðinu en hér á töflunni má sjá yfirlit og tímasetningar yfir félagsleg námskeið fyrir Eflingarfélagi vorið 2005. Annars vegar er um að ræða sérstök námskeið fyrir trúnaðarmenn en hins vegar er um að ræða námskeið sem eru opin öllum félagsmönnum. Öll námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu og er skráning hjá Eflingu í síma 510-7500 eða með tölvupósti efling@efling.is.

Námskeiðin eru öll haldin í fræðslu-setri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð.

Ásamt félagslegum námskeiðum

stendur Efling að fjölmörgum starfstengdum námskeiðum í samvinnu við starfsmenntasjóð félagsins og við einstök fyrirtæki eða starfsgreinar. Ef þú vilt

skoða möguleikann á starfstengdu námskeiði á þínum vinnustað hafðu þá samband og við könnum möguleikana.

Félagsleg námskeið fyrir alla félagsmenn

Hvað	Hvenær	Hve lengi	Klukkan hvað
Sjálfstyrking	1., 3., og 8. febrúar	3 kvöld	19:00 - 22:00
Sjálfstyrking frh.	29., 31. mars, og 5. apríl	3 kvöld	19:00 - 22:00
Fjármál heimilanna	1. mars	2 kvöld	18:00 - 22:00
Framsögn og framkoma	26. og 28. apríl, og 3. maí	3 kvöld	19:00 - 22:00
Starfsmannaviðtöl	14. og 19. apríl	2 kvöld	19:00 - 22:00
Starfslokanámskeið	8., 10. og 12. mars	2 kvöld + laugard.part	19:00 - 22:00 10:00 - 15:00

Viltu gera eitthvað í fjármálum þínum???

Ef ég væri ríkur?

- Láttu peningana vinna með þér

Efling mun í vor halda áfram með námskeið um fjármál heimilanna fyrir félagsmenn. Þessi námskeið hafa notið vaxandi vinsælda og hafa margir Eflingarfélagar sagt frá umskiptum í fjármálum sínum eftir að hafa sótt námskeiðið. Námskeiðið er ætlað fólki sem vill læra að nýta tekjurnar sem best, losna hratt við skuldir og koma góðu skipulagi á heimilisreksturinn. Kennari er Ingólfur Hrafnkell Ingólfsson.

Á námskeiðinu er farið yfir ýmsar tegundir lána og sparnaðar. Vextir og verðbætur útskýrð og kennt hvernig á að lesa út úr greiðsluseðlinum. Kennarar eru leiðir til þess að auka ráðstöfunartekjur heimilisins, stýra útgjöldunum og fá sem mest út úr þeim peningum sem til eru.

- Það er lítið sem ekkert rætt um tekjurnar því að þær skipta ekki meginmáli segir Ingólfur Hrafnkell Ingólfsson leiðbeinandi. Gamalt kínverskt máltæki segir: „Maður verður ekki ríkur af því sem maður aflar heldur því sem maður eyðir“. Það sem skiptir máli er það sem maður gerir við tekjurnar en ekki hversu háar þær eru. Þess vegna er kennt á námskeiðinu, hvernig hægt er að stýra útgjöldunum og fá með þeim hætti meira út úr peningunum en hingað til.

Útgjöldum heimilisins er skipt í þrennt: neyslu, skuldir og sparnað.



Hvað	Hvenær	Hve lengi	Klukkan hvað
Fjármál heimilanna	1. mars	1 kvöld	18:00 til 22:00

Kennt verður að takast á við þessa útgjaldaliði; hvernig hægt er að njóta neyslunnar, draga úr skuldunum og hefja sparnað. Þátttakendur á námskeiðinu fá tólf mánaða fría áskrift að rafrænu heimilisbókhalda og veltukerfinu, sem er auðveld aðferð til þess að losna hratt við skuldir, sagði Ingólfur að lokum. Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á heimasíðunni: www.spara.is

Skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500 eða í tölvupósti efling@efling.is

Fróðleiksmolar

Uppsagnarfrestur

Við uppsögn úr starfi er mikilvægt að kanna hver uppsagnarfrestur er

Eru iðgjöld í skilum?

Hefur þú hringt eða farið í lífeyris-sjóðinn þinn til að athuga það?

Ertu að hætta að vinna????

Starfslokanámskeið í febrúar

Efling mun í mars standa að hinum vinsælu starfslokanámskeiðum fyrir félagsmenn sem eru farnir að huga að starfslokum. Á þessum námskeiðum er farið í réttindi og skyldur sem fylgja því að draga úr störfum á vinnumarkaði t.d. er varðar réttindi hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum en einnig er farið í almenna heilsufræði og hvernig er stuðlað best að almennri vellíðan á efri árum.

Námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu og er skráning hjá Eflingu í síma 510-7500.



Hvað	Hvenær	Hve lengi	Klukkan hvað
Starfslokanámskeið	8., 10. og 12. mars	2 kvöld + laugard.part	19:00 - 22:00 10:00 - 15:00

Jólaball Eflingar

Góð aðsókn og glimrandi stemmning

Jólaball Eflingar var haldið þriðjudaginn 28. desember að Versölum við Hallveigarstíg við góða aðsókn. Þetta er þriðja árið í röð sem jólaballið er haldið á sama stað og hefur gefist vel. Hljóm-sveitin er góð og salurinn rúmgóður.

Það var dansað og sungið af fjöri og innlifun eins og segir í gömlu kvæði:

*Stígum fastar á fjöl spörum ei vorn skó.
Guð má ráða hvar við dönsu næstu jól.*

Þegar jólin eru stutt eins og nú í ár er vandi að finna heppilegasta daginn fyrir jólaballið. Allir vilja gleðja börnin sín og þetta er þeirra ball en fólk vinnur mikið og frídagarnir eru fáir og það er veruleg fyrirhöfn fyrir foreldrana að bæta jólaballinu við, en þegar á staðinn er komið og jólalögin hljóma og litlir fætur í finustu skónum sínum taka að iða af danslöngun, þá gleymist þreytan og fyrirhöfnin og allir skemmta sér hið besta, ungir og aldnir.





Leonardó tilraunaverkefni fyrir trúnaðarmenn

Náms- og starfsráðgjöf

- 100 stunda fjarnám sem hefst í janúar

Efling - stéttarfélag tekur nú þátt í alþjóðlegu tilraunaverkefni með nýju Evrópuþjóðum þar sem tilgangurinn er að færa náms- og starfsráðgjöf í vaxandi mæli inn á vinnustaði. Félagið hefur nú um nokkurn tíma verið með námsráðgjafa úti á vinnustöðum í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, en með þessu verkefni er ætlunin að gera trúnaðarmenn virkari í þessu starfi og kynna þeim grundvallaratriði í náms- og starfsráðgjöf með fjarnámi og efla þannig námshvatningu á vinnustað.

Námið hefst nú í janúar með undirbúningsnámi þar sem nemendum er boðið á stutt tölvunámskeið og sjálfstyrkingu. Sjálft námið hefst síðan í byrjun febrúar en um er að ræða 100 stunda fjarnám með staðbundnu námi inn á milli. Áætlað er að náminu ljúki í maí 2005.

Í náminu, sem er trúnaðarmönnum að kostnaðarlausu, verður farið í grundvallaratriði í ráðgjöf um náms- og starfsval en að því loknu er gert ráð fyrir að trúnaðarmenn verði betur í stakk búnir til að hvetja samstarfsmenn til náms og geti veitt samstarfsfélögum grunnupplýsingar eða fyrstu aðstoð í þessum efnum og vísað á námsráðgjafa vilji menn skoða möguleika sína nánar.

Þeir trúnaðarmenn sem hafa áhuga á að kynna sér námið er bent á að hafa samband við fræðslustjóra Eflingar, Garðar Vilhjálmsson.



Félagsliðanám

Geðdeild LSH í námið

Efling og Landspítali - háskóla-sjúkrahús hófu í haust samstarf um að bjóða félagsmönnum sem starfa á geðsviði spítalans, ásamt starfsmönnum við öldrun og fötlun, nám til félagsliða. Það er Mímir - símenntun sem heldur utan um námið en Mímir fékk nýlega fulla viðurkenningu menntamálaráðuneytisins til þess að reka félagsliðanámið.

Námið, sem er nemendum að kostn-

aðarlausu, er stundað samhliða starfi og hefur sjúkrahúsið samþykkt að koma til móts við starfsmenn með sveigjanleika í skipulagi á vinnutíma til þess að gera þeim kleift að stunda námið.

Þá er boðið uppá þá nýjung í tengslum við námið að nemendur geta farið í svokallað raunfærnimat og fengið þannig metna starfsreynslu og fyrri námskeið sem hafa verið tekin í tengslum við starfið.

Enn eru nokkur sæti laus í námið og hvetjum við alla Eflingarfélaga sem starfa með fötludum eða öldruðum á LSH að nýta sér þennan nýja möguleika á starfstengdu námi með vinnu. Nánari upplýsingar má fá hjá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur og Garðari Vilhjálmssyni á skrifstofu Eflingar.

Fróðleiksmolar

Ertu á réttum launum? Ertu kannski á „jafnaðarlaunum“? Má það?

Svar: Það er ekkert til í kjarasamningum sem heitir jafnaðarlaun

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

**Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500
Félagar- fylgist með réttindum ykkar!!!!**

Framsögn og framkoma

Liggur þér eitthvað á hjarta?!

- eða viltu láta ljós þitt skína?

Viltu stundum leggja þitt til málanna? Á kaffistofunni? Í stórafmælinu? Á fundi? Eða bara láta verkstjóran í vinnunni heyra þína skoðun á málum? Nú er tækifærið að gera sig færan í flestan sjó.

Efling mun í vor standa fyrir námskeiði fyrir félagsmenn þar sem kennt er að koma fram og tjá sig eða flytja ræður. Markmið námskeiðsins er að þjálfar nemendur í að koma fram. Einfaldar leiðbeiningar eru um raddbeitingu og skýra framsögn. Samspil raddar og líkama er kannað og hvernig best er að undirbúa stutta ræðu, fyrirlestur eða bara tölu í næsta afmæli.

Kennari á námskeiðinu er Sigurþór Heimisson. Námskeiðið, sem er haldið í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð, er þrjú kvöld frá kl 19:00 til 22:00 og verður haldið 26. og 28. apríl og 3. maí.



Með hækkandi sól

Spennandi námskeið fyrir trúnaðarmenn



Glæsilegt framboð verður á námskeiðum fyrir trúnaðarmenn félagsins nú á vordögum. Trúnaðarmannanámskeið I og II verða í febrúar og mars en þetta eru viku grunnnámskeið sem allir trúnaðarmenn eru hvattir til að sækja. Á þeim er farið í grundvallaratriði sem skipta trúnaðarmenn máli en það eru námsþættir á borð við samskipti á vinnustað, trúnaðarmaðurinn sem forystumaður, starf og stefna stéttarfélagsins ásamt því sem kynnt eru grundvallaratriði í lögfræði og hagfræði fyrir launafólk.

Eins dags framhaldsnámskeið verða haldin fyrir trúnaðarmenn sem hafa lokið námskeiði I. Á þessum námskeiðum er tekið fyrir eitt málefni og

reynt að fjalla um það í dýpt. Hagfræði er á dagskránni í febrúar og lausn ágreinings á vinnustað í mars.

Hvað	Hvenær	Klukkan hvað	Hve lengi
Trúnaðarmannanámskeið I	7. - 11. febrúar	8.00-16.00	1 vika
Trúnaðarmannanámskeið II	14. - 18. mars	8.00-16.00	1 vika
Trúnaðarmannanámskeið frh.			
Hagfræði	8. febrúar	8.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh.			
Lausn ágreinings á vinnustað	7. mars	8.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh.			
Íslenska /bréfaskriftir	14. apríl	8.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh.			
Gerð færnimöppu	10. - 11. maí	8.00-16.00	1 dagur

Í apríl verður á döfinni nýtt framhaldsnámskeið sem er skrif bréfa og texta. Þar verður trúnaðarmönnum kennt að koma hugsunum sínum í orð og skrifa einföld bréf og tilkynningar.

Í maí er stefnt að enn einni nýjung sem er sérstakt námskeið fyrir trúnaðarmenn í gerð færnimöppu. Þar er trúnaðarmönnum kennt að koma saman skipulegri ferilskrá þar sem þeir gera sér grein fyrir styrkleikum og veikleikum og einnig gagnast færnimappan við skipulagningu á frekara námi.

Fróðleiksmolar

Munið að geymið alltaf launaseðla. Þú getur þurft að nota þá áður en þig grunar.

Hafðu augun opinn fyrir réttindum þínum!!!

Aðrir munu ekki passa upp á þau fyrir þig!

Starfstengd námskeið



Fagnámskeið leikskólstarfsmanna

Fagnámskeið Eflingarfélaga sem starfa á leikskólum verða haldin í vor. Fagnámskeið I (50 stunda) verður haldið dagana 31. mars, 1. apríl, 7. apríl, 8.

apríl, 14. og 15. apríl; en fagnámskeið II (70 stunda námskeið) verður haldið dagana 2. til 13. maí.

Mímír-símenntun mun annast framkvæmd og kennslu.

Fagnámskeið II fyrir umönnun aldræðara og fatlaðra

Fagnámskeið II fyrir umönnun verður haldið frá 10. febrúar og 15. mars kennt verður þrisvar í viku kl. 13:00 til 17:20 hjá Mími símenntun að Grensásvegi 16. Kennt er 4 daga í viku.

Námskeiðsauglýsingar verða sendar út á vinnustaði fljótlega í janúar.

Nýjar námskeiðsleiðir fyrir starfsmenn í eldhúsum og borðstofum

Verið er að endurskoða námskeiðin fyrir eldhús og borðstofur og er efnisinnihald þeirra að verða tilbúið en gert er ráð fyrir kennslu í nokkrum áföngum á vorönn.

Í síðustu kjarasamningnum var gengið frá nýjum námskeiðsviðmiðunum. Fólk í þessum starfsgreinum getur sótt námskeið sem eru metin til launahækkanna í allt að 120 kennslustundir. Áfangarnir eru tveir, 60 kennslustundir hvor, en hægt að safna saman námskeiðum innan hvors um sig.

Sendar verða út auglýsingar á vinnustaði þegar námskeiðsinnihaldið er tilbúið.



Lengri lífaldur og há örorka skekkja stöðuna

Lífeyrissjóðir í vanda

Við síðustu athuganir tryggingarstærðfræðinga á stöðu og framtíð lífeyrissjóða innan ASÍ kemur í ljós að mun lengri lífaldur fólks og aukinn fjöldi sem fer á örorkubætur er að skekkja stöðu lífeyrissjóðanna. Flestir sjóðir innan ASÍ standa nú frammi fyrir breyting-

um af þessum sökum en þeirra á meðal er Lífeyrissjóðurinn Framsýn sem félagsmenn Eflingar greiða til. Stjórnir sjóðanna ræða nú hvernig þeir bregðast við þessum breyttu aðstæðum.

Nefnd sem skipuð var í kjölfar samninganna í mars 2004 hefur verið að

störfum við að skoða og meta leiðir fyrir framtíðarskipulag lífeyriskerfisins.

Auk þess vanda sem sjóðirnir standa nú frammi fyrir vegna lengri lífaldurs og meiri örorkubyrðar er verið að undirbúa að aldurstengt kerfi taki við af jafnri ávinnsu í stigakerfi eins og nú er notað. Aldursháða kerfið er einstaklingsmiðaðra og tekur minna tillit til kynslóðasáttmála sem var megin hugsunin í eldra kerfi. En aldursháð kerfi verður ekki fyrir skekkjum eins og t.d. lengri lífaldur en þar má nefna að meðalaldur karla var um 71 ár þegar flestir almennu sjóðirnir voru stofnaðir en er nú um 78,4 ár. Konur urðu þá um 78 ára en verða í dag um 84 ára og það segir sig sjálft að hvert ár sem lífaldur lengist kostar sjóðina aukin útgjöld þó fagna beri lengra lífi.

Unnið verður að því að kanna hvers vegna þessi mikla aukning sem orðið hefur undanfarin ár á örorkulíkum og hvernig best er að bregðast við því. Má þar nefna aukna þörf fyrir starfsendurhæfingu og skýrari reglur um þá leið. Það mikilvægasta í þessu ferli er að finna sem besta niðurstöðu þannig að grundvallartilgangi lífeyriskerfis okkar verði náð en það er að tryggja fólki eftirlaun að loknu starfi á vinnumarkaði.



Trúnaðarmannanámskeið

Breytingar framundan

-Rætt við Hauk Harðarson

Löng hefð er fyrir námskeiðum fyrir trúnaðarmenn Eflingar og hafa þau verið með svipuðu sniði á undanförunum árum. Í byrjun febrúar hefst næsta lota og hafa nokkrar breytingar verið gerðar á trúnaðarmannanámskeiðum I og II sem eiga að auka hæfni þátttakenda í starfi sínu. Fréttablað Eflingar ræddi við Hauk Harðarson, leiðbeinanda hjá Mími um fyrirhugaðar breytingar.

Haukur segir að helstu breytingarnar felist í endurnýjun trúnaðarmannamöppu sem kom út fyrir skömmu og verður notuð í fyrsta skiptið á námskeiðum Eflingar í febrúar og eins sé ætlunin að vera með fleiri verkefni í

hópinnu. Verkefni taka mið af raunverulegum fyrirspurnum sem koma upp á vinnustöðum. Öll verkefnavinna fer fram í hópinnu og reynir á getu einstaklingana til að starfa saman í hóp. Í hópavinnunni skiptast trúnaðarmenn einnig á upplýsingum og kynnast starfi hvers annars.

Á námskeiði II verður nýr námsþáttur sem heitir skipulögð vinnubrögð og er honum ætlað að hjálfa trúnaðarmenn í að vinna skipulega úr fyrirspurnum og verkefnum og byggja upp rök fyrir niðurstöðum sínum. Annar námsþáttur fjallar um samningatækni fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum, gildi þess að setja markmið og hvernig samninga-

tækni nýtist okkur á vinnustöðum og í daglegu lífi. Þá verður farið yfir samskiptatækni á vinnustöðum á báðum námskeiðunum og ýmsa aðra málaflokka sem nauðsynlegt er fyrir trúnaðarmenn að þekkja vel til.

Haukur segir enn fremur að búið sé að ákveða að bjóða trúnaðarmönnum Eflingar að taka þátt í námskeiðum þar sem einstakir málaflokkar verða teknir fyrir. Á fyrsta námskeiðinu mun Ólafur Darri Antonsson hagfræðingur ASÍ fjalla um hagfræði. Rannveig Einarsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ, ætlar að fjalla um ágreining á vinnustöðum. Þá verður boðið upp á efni um íslensku og bréfaskriftir á einu námskeiði og að lokum verður tveggja daga námskeið þar sem þátttakendum verður kennt að búa til færnimöppu. Haukur segir að Efling hafi staðið mjög vel að fræðslumálum fyrir trúnaðarmenn og félagsmenn almennt og hann voni að trúnaðarmenn taki vel við sér og saki þessi námskeið.

Félagsmenn Eflingar til Spánar

Ódýrt í sólina í sumar

Á komandi sumri verður boðið upp á enn eina nýjung fyrir félagsmenn Eflingar í orlofsmálum. Auk fjölmargra sumarhúsa, og hefðbundinna ferða innanlands og utan, bætist nú við og boðið verður uppá ódýrar ferðir til Spánar með ferðaskrifstofunni Sumarferðum.

Sækja þarf um á umsóknareyðublaði sem fylgir þessu

blaði og er skilafrestur til 25. janúar en úthlutun liggur fyrir 2. febrúar. Félagsmenn sem fá úthlutað ferð hafa síðan samband við Sumarferðir sem sjá alfarið um málið eftir það.

Þá er bara að undirbúa sumarleyfið - að þessu sinni á Spáni með Eflingu og Sumarferðum.

Umsóknareyðublað er á bls. 36



Nýmæli fyrir félagsmenn Eflingar

Í sólina á Spáni í sumar!

Hagstæðar ferðir til Calpe fyrir fjölskylduna

Efling hefur í samstarfi við Ferðaskrifstofuna Sumarferðir samið um mjög hagstæðar sumarleyfisferðir til Spánar fyrir sumarið 2005. Fyrir valinu varð Calpe, nýr sumarorlofsstaður nálægt Benidorm sem margir þekkja. Calpe er á góðri leið með að verða mjög vinsæll staður, sérstaklega fyrir fjölskyldur með börn.

Calpe

Calpe er hefðbundinn, spænskur smábær með þröngum götum, útveit-ingastöðum í skemmtilegum byggingar-stíl sem einkennir þorp við Miðjarðar-hafið. Bærinn er einstaklega hentugur orlofsstaður fyrir fjölskylduna, frábærar strendur, sérlega vinalagt andrúmsloft og fjölbreytt afþreying í boði. Tvær sandstrendur, alls 11 km langar, um-liggja bæinn en hinn 332 m. hár Ifach klettur skilur strendurnar að. Kletturinn er eitt af helstu táknum Costa Blanca strandarinnar, þar sem hann rís tíguleg-ur upp úr Miðjarðarhafinu. Skemmti-garðurinn Terra Mitica er skammt frá Calpe auk sundlaugarparadísar í grennd-inni. Siglingar og köfun eru helstu í-þróttir sem hægt er að stunda við Calpe, en á því sviði er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu að ýmsum toga. Fjölmargir golfvöllir eru í 10 til 40 mínútna fjar-lægð og einn mjög góður níu holu golf-völlur við bæjardyrnar. Þá er þarna mik-ill fjöldi góðra matslustaða. Skemmti-leg söfn eru í gamla bænum, fiskihöfn með fiskmarkaði þar sem hægt er að kaupa ferskan fisk og fylgjast með upp-boði á afla dagsins.

Flogið um Alicante

Þegar flogið er til Calpe er lent á flug-vellinum í Alicante eins og þegar farið

er til Benidorm. Sumarferðir bjóða upp á rútuferðir bæði til og frá flugvelli að hóteli á komu- og brottfaradegi gegn vægu gjaldi. Fararstjórar Sumarferða taka á móti hópnum á flugvellinum og bjóða uppá ýmsar ferðir meðan á dvöl stendur. Fyrir þá sem það kjósa er hægt að panta bílaleigubíla hjá Sumarferðum. Þó að stutt sé á milli staða í Calpe er samt áhugavert að taka sér bílaleigubíl í einhverja daga og skoða sig um.

Vel búnar íbúðir

Boðið verður upp á tvær stærðir af einstaklega vel búnum íbúðum, eftir því hve fjölskyldan er stór. Gistingarnar eru á íbúðarhótelinu Apollo. Þær miðast að 2-4 geti dvalið saman í íbúð, eða 4-6. Íbúðirnar eru vel búnar, eitt eða tvö svefnherbergi, stofa, eldhús og bað. Allar með svölum sem snúa í átt til sjávar. Þvottavél, kaffivél og loftkæling eru til staðar og þrifið einu sinni í viku. Allar íbúðir eru við strönd og góðar sund-laugar eru við bæði hótelin.

Fjarlægð á nálæga staði

Calpe er frábærlega vel staðsett með tilliti til þess að hægt er að fara á flesta nálæga og eftirsóttu ferðamannastaði á skömmum tíma. Nefna má þar að hægt er að fara til Benidorm sem er í 22 km

fjarlægð, Valencia 120 km, Alicante 62 km, Terra Mitica skemmtigarðurinn 25 km og Guadalest 21 km.

Fyrirkomulag – fjöldi og verð

Efling leigir ákveðinn fjölda íbúða í Calpe á Spáni á ferðatímabilinu 26. maí til 18. ágúst. Brottfarir eru á tveggja vikna fresti. Fyrsta brottför til Spánar er 26. maí og síðasta heimkoma 1. septem-ber. Aðeins er um tveggja vikna ferðir að ræða.

Tvær tegundir íbúða er í boði

A1 sem er eitt herbergi, stofa og bað, ætlað fyrir 2 fullorðna og tvö börn eða 3 fullorðna.

A2 sem er tvö herbergi, stofa og tvö baðherbergi, ætlað fyrir 4 fullorðna og 2 börn eða 5 fullorðna.

Allar íbúðir eru nýlegar, loftkældar, með þvottavél og vel búnar að öðru leiti. Tvö baðherbergi eru í öllum stærri íbúðum.

Verð

Verð á þessum ferðum er afar hag-stætt sem byggist á fyrirfrámpöntun Efl-ingar og þeim fjölda íbúða sem félagið tekur frá.

Þessar tveggja vikna ferðir miðast við brottfarir fyrir tímabilið 26. maí til 18 ágúst. Innifalið er flug, gisting og flug-vallaskattar.

Verðlisti:

Fjöldi farþega	Íbúð/ Tegund	14 Dagar
6	(Tvö Herb) A2	kr. 41.990*
5	(Tvö Herb) A2	kr. 45.188*
4	(Eitt Herb) A1	kr. 43.948*
3	(Eitt Herb) A1	kr. 49.930*
2	(Eitt Herb) A1	kr. 61.895*

* Á hvern einstakling óháð aldri

Innifalið í verði er: Flug, flugvallar-skattar, gisting í 14 daga í góðum og velbúnum íbúðum, og íslensk farar-stjórn.

Punktafrádrag vegna Spánarferða

Úthlutað er eftir punktakerfi félagsins og er frádrag vegna ferðar 24 punktar.

Ekki er hægt að fá úthlutað ferð, orlofshúsi og/eða orlofsávísun á sama árinu, aðeins ein úthlutun á mann!

Allar nánari upplýsingar er að fá á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500

Fleiri orlofsávísanir í boði

Hugaðu strax að þeim!



Í ljósi góðrar reynslu á s.l. ári verða nú gefnar út 700 orlofsávísanir að upphæð 5.000 kr. hver. Einnig bætist við þá þjónustuaðila sem taka þær sem greiðslu.

Frá og með 20. janúar 2005 verður hægt að sækja um ávísanirnar á skrifstofu félagsins eða í síma 510-7500.

Skilyrði fyrir því að fá ávísun er að hafa verið í samfelldri greiðslu til félagsins allt árið 2004 en eiga þó að lágmarki 48 punkta í orlofskerfi félagsins. Það jafngildir samtals tveggja ára punktasoðnun.

Punktafrádrag vegna ávísunar er 20 punktar.

Uppfylli umsækjandi þær kröfur fær hann úthlutað og senda ávísun meðan þær enn eru til.

Rétthafi getur notað ávísunina sem greiðslu og þarf hann að framselja hana gagnvart þjónustuaðila.

Ekki er hægt að fá úthlutað orlofshúsi, Spánarferð og/eða ávísun á sama árinu. Aðeins ein úthlutun á mann!

Ávísanir gilda ekki sem greiðsla fyrir

sumarhús eða í ferðir á vegum félagsins.

Takmarkað magn!

Í ár verða gefnar út 700 ávísanir sem er nærri helmingi aukning frá fyrra ári. Þeir félagsmenn sem vilja sækja um

ávísun þurfa að hafa samband við skrifstofu félagsins.

Þessi kostur er kjörinn fyrir þá sem ekki hafa átt þess kost að dvelja í orlofshúsunum en vilja nýta réttindi sín í orlofssjóðnum með öðrum hætti.





Orlofsávisunin

Hvernig nýttist hún mér?

Nú þegar liggur það fyrir að a.m.k. þrettán ferðapjónustuaðilar munu verða í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag um orlofsávisanir. Ávisunin gildir sem greiðsla fyrir flesta þá þjónustu sem þeir aðilar veita. Um undantekningar og sérskilmála getur þó verið að ræða í einhverjum tilvikum. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér vel þá skilmála sem gilda um notkun ávisunarinnar hjá einstökum aðilum.

Athugið að þjónustuaðilum getur fjölgað eftir útgáfu blaðsins. Verða upplýsingar um slíkt jafnan settar á heimasíðuna, www.efling.is og tiltæk- ar á skrifstofu félagsins.

Eftirtaldir aðilar hafa gert samning við félagið um að taka við orlofsávisunum sem greiðslu upp í ferðir á árinu 2005:

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónas-sonar tekur á móti orlofsávisunum sem greiðslu í hópferðir árið 2005. Nánari upplýsingar á heimasíðunni www.gjtravel.is og í síma 511 1515.

Icelandair tekur á móti orlofsávisunum sem greiðslu í pakkaferðir til Evrópu og Ameríku þar sem Icelandair býður upp á flug og gistingu og flug og bíl, frekari upplýsingar á www.icelandair.is

Sumarferðir taka á móti orlofsávisunum Eflingar sem greiðslu í pakkaferðir ferðaskrifstofunnar. Orlofsávisanir verður hægt að nota í allar ferðir á vegum Sumarferða. Nánari upplýsingar á vefnum, www.sumarferdir.is og í síma 575 1515.

Útivist tekur á móti orlofsávisunum sem greiðslu í ferðir félagsins sem

kosta yfir 12.000 kr. árið 2005. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 562 1000 og www.utivist.is

Ferðaskrifstofan Terra Nova Sol tekur við orlofsávisun í allar auglýstar pakkaferðir með leiguflugi árið 2005. Nánari upplýsingar í síma 591 9000 og á www.terranova.is

Ferðaskrifstofan Plúserðir tekur við orlofsávisun í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2005. Leitið nánari upplýsinga í síma 539 2100 og á www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn tekur á móti orlofsávisunum sem greiðslu í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2005. Nánari upplýsingar í síma 585 4000 og á www.urvalutsyn.is

Smyril Line Ísland tekur orlofsávisanir sem greiðslu upp í ferðir með Ms.

Norrænu til Færeyja, Hjaltlands, Nor-
egs og Danmerkur. Norræna siglir nú
allt árið til Seyðisfjarðar. Upplýsingar
á skrifstofu að Sætúni 8, sími
5708600.

Ferðapjónusta bænda tekur við or-
lofsávísunum vegna gistingar og ann-
arrar þjónustu sem veitt er á hverjum
stað. Yfir 120 bæir eru innan vébanda
ferðapjónustunnar um allt land. Ýmsir
flokkar gistinga eru í boði. Nánari
upplýsingar má fá í síma 5702700 eða
á www.farmholidays.is

Flugleiðahótel reka tvær hótelkeðjur,
Icelandair hótelin og Hótel Eddu. Í

sumar taka hótelin við orlofsávísunum
Eflingar. Iceandair hótelin eru 8 heils-
sárshótel í Reykjavík, á Suðurlandi og
á Austurlandi.

Í Hótel Eddu keðjunni eru alls 15 sum-
arhótel (tveggja til þriggja stjörnu)
hringinn í kringum landið. Flest eru
starfrækt í skólum og ýmsa þjónustu
að fá þar.

Athugið að ýmis sértílbod og tak-
markanir geta verið í gildi. Yfirleitt
þarf að panta með fyrirvara. Nánari
upplýsingar í síma 5050910. Sjá nánar
á icehotels.is og hoteledda.is.

Fosshótel er keðja 13 hótela um allt

land. Orlofsávísun gildir til að greiða
fyrir gistingu (ekki fyrir mat og
drykki) og gildir ekki með öðrum til-
boðum.

Athugið að ýmis sértílbod og tak-
markanir geta verið í gildi. Yfirleitt
þarf að panta með fyrirvara. Upplýs-
ingar eru veittar í síma 562 4000. Sjá
einnig á bokun@fosshotel.is og
www.fosshotel.is

Ferðaskrifstofan Heimsferðir tekur á
móti orlofsávísunum sem greiðslu í
allar pakkaferðir á vegum ferðaskrif-
stofunnar. Frekari upplýsingar í síma
5951000 og á netinu sala@heimsferdir.is og www.heimsferdir.is



Spennandi vor fyrir eldri félagsmenn

Sólarlandaferð á Benidorm og Kanarí

Myndin er tekin af ánægðum Eflingarfélögum, stöddum í Albufeira í Portúgal vorið 2002. En árið 2005 er ferðinni heitið til Kanaríeyja og Benidorm

Eins og undanfarin ár mun Efling –
stéttarfélag standa fyrir ferð til sólar-
landa fyrir eldri félagsmenn í vor. Að
þessu sinni verður boðið upp á tvo á-
fangastaði þ.e. Benidorm sem félags-
menn þekkja vel úr fyrri ferðum og
Kanaríeyjar en þangað hefur ekki verið
farið áður á vegum Eflingar. Báðar þess-
ar ferðir eru á vegum Sumarferða. Bréf
verður sent í þessum mánuði með nán-
ari upplýsingum.

BENIDORM

Í boði er gisting á Gran Hotel Bali

sem staðsett er á Benidorm. Flestir
þekkja orðið Gran Hotel Bali enda
mjög eftirsótt af eldri borgurum, þar
sem dagskrá þess er mjög fjölbreytt.

Lengd Ferðar

Boðið er upp á bæði þriggja og fjög-
urra vikna ferðir. Ferðirnar verða á
tímabilinu 21. apríl til 19. maí og verð-
ur boðið upp á samfellda dagskrá.

KANARÍEYJAR

Í boði eru tveir hótelmöguleikar,
Club Sunshine og Los Qrquideas. Báð-

ar gistingarnar eru á hinna vel þekktu
ensku strönd þar sem er mikill fjöldi
veitingastaða og velja má á milli mat-
reiðslu frá flestum heimshornum. Þar
má einnig finna skemmtistaði við allra
hæfi.

Lengd ferðar er 4 vikur, þar sem
brottför verður 26 apríl og heimkoma
24 maí.

Nánari upplýsingar koma fram í bréfi
til eldri félagsmanna sem sent verður til
þeirra í þessum mánuði.



UMSÓKN UM ORLOFSHÚS UM PÁSKA 2005

Umsækjandi: _____ Kennitala: _____

Heimili: _____ Póstnr.: _____

Vinnustaður: _____ Hs.: _____ Vs.: _____

Tímabil: 23. mars - 30. mars 2005 vikuleiga

Hér að neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að sex valmöguleikum fyrir stað. Merkið með tölu 1 sem fyrsta valkost, 2 fyrir annan valkost, allt að sex möguleika (ekki setja x).

Landssvæði	Fj. húsa	Verð	Punktafrádrag	Val
Úthlið – með potti	2	14.500 kr.	60	
Flúðir – með potti	1	14.500 kr.	60	
Öfuborgir – með potti	10	14.500 kr.	60	
Kirkjubæjarklaustur	3	13.000 kr.	48	
Swignaskarð – stór m/potti	6	14.500 kr.	60	
Swignaskarð – lítil m/potti	7	13.000 kr.	48	
Skorradalur	1	16.000 kr.	60	
Húsafell – með potti	3	14.500 kr.	60	
Akureyri	6	14.500 kr.	48	
Arnarstapi	1	14.500 kr.	48	

**Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi
18. febrúar 2005**

Efning - stéttarfélag

Sætin 1, 105 Reykjavík, s: 510 7500, símbréf 510 7501,
Hægt verður að sækja um á heimasíðu: www.efning.is, tölvupóstur: efning@efning.is



SPÁNN - UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL 2005

Umsækjandi: _____ Kennitala: _____

Heimili: _____ Póstnr.: _____

Vinnustaður: _____ Hs.: _____ Vs.: _____

Tvær tegundir íbúða er í boði

A1 - sem er eitt herbergi, stofa og bað, ætlað fyrir 2 fullorðna og tvö börn eða 3 fullorðna.

A2 - sem er tvö herbergi, stofa og tvö baðherbergi, ætlað fyrir 4 fullorðna og 2 börn eða 5 fullorðna.

Allar íbúðir eru nýlegar, loftkældar, með þvottavél og vel búnar að öðru leiti. Tvö baðherbergi eru í öllum stærri íbúðum.

Sækja má um fleiri en einn möguleika. Merkið með tölu 1 sem fyrsta valkost, 2 fyrir annan valkost, allt að sex möguleika.

Fjöldi farþega	Teg. íbúða	Verð per. einst.	1	2	3	4	5	6	7
			26.mai tí 9.jún	9.jún tí 23.jún	23.jún tí 7.júl	7.júl tí 21.júl	21.júl tí 4.ág.	4.ág. tí 18.ág.	18.ág. tí 1.sept.
6	(tvö herb.) A2	41.990 kr.							
5	(tvö herb.) A2	45.188 kr.							
4	(eitt herb.) A1	43.948 kr.							
3	(eitt herb.) A1	49.930 kr.							
2	(eitt herb.) A1	61.895 kr.							

Innifalið í verði er : Flug, flugvallarskattur, gisting í 14 daga í vel útbúnum íbúðum og íslensk fararstjórn.

**Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi
25. janúar 2005**

Efning - stéttarfélag

Sætin 1, 105 Reykjavík, s: 510 7500, símbréf 510 7501,
heimasíða: www.efning.is, tölvupóstur: efning@efning.is



Svavar Svavarsson

Þá var **gott að eiga Jakann að**

- segir Svavar Svavarsson, skólastjóri

Hugmyndina af þessum námskeiðum má rekja aftur til ársins 1973. Þá stóð yfir erfið kjaradeila milli vinnuvélastjórnenda og vinnuveitenda og til þess að leysa hana var brugðið á það ráð að setja á fót svokölluð kaupukanámskeið sem færðu þátttakendum 10% kauphækkun. Nemendur mættu á námskeiðið á daginn og kennt var samtals í 80 stundir. Þessi námskeið eru undirstaðan í vinnuvélanámskeiðum sem haldin eru í dag, segir Svavar Svavarsson aðspurður um fyrsta vinnuvélanámskeiði Dagsbrúnar sem hófst 12. mars 1973.

Mesta breytingin er kannski sú að núna fer kennslan fram á kvöldin eftir vinnu og um helgar, segir Svavar Svavarsson, skólastjóri Nýja Ökuskólans sem sérhæfir sig í kennslu á vinnuvélum og ökutækjum af ýmsum gerðum.

Gott samstarf

Árið 1984 tók Iðntæknistofnun við umsjón með vinnuvélanámskeiðunum og ég var ráðinn til þess að stýra þeirri starfsemi. Mitt fyrst verk var að fara á

Félagafrelsið hefur leitt marga á villigötur



fund Guðmundar J. Guðmundssonar, formanns Dagsbrúnar og óska eftir aðstoð hans við að herja út fjárveitingu frá ríkinu til þess að styrkja stöðu námskeiðanna. Guðmundur tók vel í erindið og upp frá því átti ég mjög gott samstarf við hann vegna öflunar fjár til þess að geta haldið námskeiðunum gangandi.

Meðal þess sem okkur tókst að framkvæma var að kaupa sérútbúna kennsluvél og þar kom Albert Guðmundsson líka mikið við sögu. En því miður virðist sú tilhneiging vera ríkjandi hjá hinu opinbera að halda að kostnaður svona verkefna fari niður en ekki upp, þegar fram líða stundir. Þá var gott að eiga Jakann að til þess að takast á við menn sem sátu í fjárveitingarnefnd Alþingis, segir Svavar enn fremur.

Fyrsta námskeiðið sem ég hélt fyrir Dagsbrúnarmenn var í húsakynnum Rannsóknarstofnunar Byggingariðnaðarins á Keldnaholti árið 1982 og var keyrt áfram á fimm dögum. Þátttakendur voru 22 og voru misjafnlega hrifnir af því að setjast á skólabekk í marga klukkutíma og hlusta á mann tala um atriði sem þeir töldu sig þekkja miklu betur til. En í lok fyrsta dagsins sá ég ekki betur en að þeir sem mættu fúlir í skapi að morgni færu glaðir heim um kvöldið.

Reykjarmekkir

Ég man líka vel eftir því að þegar á daginn leið hætti ég að sjá mennina sem sátu í öftustu röðinni fyrir reykjarmekki sem hafði myndast í herberginu. En þá tíðkaðist að öskubakkar voru settir á borðin hjá nemendum og þeir gátu reykt eins og þeir vildu allan daginn meðan á kennslu stóð. Í lok námskeiðsins fengu þátttakendur svo afhent prófskírteini í viðurkenningarskyni sem veitti þeim réttindi til að stjórna vinnuvélum. Námskeiðin eru um margt með svipuðu sniði í dag nema að núna er bannað að reykja í kennslustofum.

Svavar segir að félagafrelsið valdi sér nokkrum áhyggjum og sér finnst að það hafi leitt marga á villigötur. Fólk virðist ekki alltaf átta sig á því hvaða þýðingu aðild að stéttarfélögum hefur og ég er alveg ófeiminn að benda þátttakendum á að það borgar sig að vera í stéttarfélagi. Þó að ekki væri nema vegna fjárhaldslegs stuðnings til þess að borga kostnaðinn af þátttöku í námskeiðunum, auk þess að berjast fyrir bættum kjörum og fást við skuldseiga vinnuveitendur.

Eina breytingin sem ég sé fyrir mér á þessum námskeiðum í framtíðinni er að þau verða lengd til muna í samræmi við þær kröfur sem eru gerðar í ýmsum Evrópulöndum þar sem ég þekki til, sagði Svavar að lokum.

Þekkir þú þinn rétt?

Láttu ekki plata þig!

- Efling fer í kynningarátak með 10. bekkinga

Efling-stéttarfélag mun nú í janúar dreifa kynningarbæklingi á alla 10. bekkni grunnskóla á félagssvæði sínu. Bæklingurinn kallast *Láttu ekki plata þig*. Í þessu riti, sem er í vasabókarbroti, verður 10. bekkingum bent á nokkra grundvallarþætti sem skipta máli þegar fólk ræður sig


Fróðleiksmolar

Er orlof innifalið í launum þínum?

Það er óheimilt að greiða orlofið með launum.

til vinnu s.s. um hvaða upplýsingar eiga að koma fram á launaseðlum, hvar megi leita upplýsinga um lágmarkskjör, aðstoð stéttarfélaga og margt fleira.

Á skrifstofu Eflingar kemur það vel fram að það eru ekki allir atvinnurekendur jafn vandaðir í vinnubrögðum þegar kemur að ráðningu á unglingum til starfa. Því miður er einnig allt of mikið um það að ungt fólk sem er að hefja störf á vinnumarkaði - hvort heldur í fullu starfi eða vinnu með skóla - þekkir ekki rétt sinn og lætur bjóða sér kjör sem eru undir lágmarkskjörum. Það þarf að koma í veg fyrir að þetta geti gerst og benda fólki á að kynna sér sín réttindi þegar það ræður sig til vinnu.



Því eru skilaboð Eflingar til allra ungmenna sem eru á vinnumarkaði: **Láttu ekki plata þig!**



Landnemaskólinn

Aukin þekking á íslensku samfélagi og atvinnulífi

Efling mun fara af stað með Landnemaskólann nú í vor í fjórða sinn. Landnemaskólinn er fyrir félagsmenn Eflingar-stéttarfélags af erlendum uppruna. Skólanum er ætlað að stuðla að menntun starfsmanna af erlendum uppruna þannig að þeir verði öflugri og dýrmætari starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

Megin áhersla er lögð á nám í íslensku og að auka þekkingu nemenda á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Einnig verður lögð áhersla á samskipti á vinnustað og sjálfsefningu. Námið fer að miklu leyti fram í verkefnavinnu þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga bæði innan og utan skólans, vinna úr þeim og kynna niðurstöður.

Félagsmenn þurfa að sækja um innngöngu í Landnemaskólann í samvinnu við atvinnurekendur þar sem hluti námsins fer fram á vinnutíma. Landnemaskólinn er styrktur að mestum hluta af starfsmenntasjóðum Eflingar en þó má búast við einhverjum skólagjöldum. Nemendur geta síðan sótt um 75% endurgreiðslu á skólagjöldum sem einstaklingsstyrk í sinn starfsmenntasjóð hjá félaginu.

Skólinn er 120 kennslustundir og fer kennsla fram á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 15:00-19:00. Kennsla hefst í lok janúar og fer fram að Öldugötu 23, Gamla Stýrimannaskólanum. Nánari upplýsingar og skráning er hjá Eflingu í síma 510 7500 eða efling@efling.is



Sjúkrasjóðir Eflingar

Samræmdar og rýmkaðar reglur

Dagpeningar hækka og úthlutunarreglur styrkja úr sjúkrasjóðum Eflingar eru samræmdar og rýmkaðar frá og með 1. janúar 2005.

Dagpeningar úr Sjúkrasjóði fyrir félagsmenn á almennum vinnumarkaði

verða kr. 4.635.- frá 1. janúar 2005 og hækka um 3%.

Dagpeningar úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði fyrir félagsmenn hjá ríki, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem styrktar eru af almannafé verða kr.

3.716.- á dag frá 1. janúar 2005 og hækka um 3%.

Á árinu mun hefjast tryggingafræðileg úttekt á sjúkra- og styrktarsjóðum félagsins og þegar hún liggur fyrir mun verða tekin ákvörðun um frekari breytingar á dagpeningum.

Úthlutunarreglur ýmissa styrkja hafa verið samræmdar og rýmkaðar og miðast styrkuppþæðir allra styrkja nú við innkomin félagsgjöld. Fullur styrkur greiðist ef félagsgjöld næstliðna 12 mánuði eru 12.400.- eða meira og er greitt á 12 mánaða fresti (var í sumum tilvikum á allt að 36 mánaða fresti), þarf því ekki lengur að skila starfsvottorði nema þegar um dagpeninga er að ræða.

Í tengslum við aðalfund félagsins í lok apríl n.k. verður tekin ákvörðun um hækkun styrkuppþæða.

Efling - stéttarfélag

Sætún 1, 105 Reykjavík,
s: 510 7500, símbref 510 7501,
heimasíða: www.efling.is,
tölvupóstur: efling@efling.is

Fræðsla
Menntun
Þekking



Vorönn 2005

Fjölbreytt námskeið í boði

Auktu við þekkingu þína
á skjótan og skemmtilegan hátt.

Innritun 10. - 19. janúar kl. 13 -18.

Fyrstu námskeiðin hefjast
24. janúar.

Innritun og upplýsingar um
námskeiðin í sínum
564 1507 og 564 1527
og á skrifstofu Kvöldskólans
í Snælandsskóla v/Furugrund

<http://kvoldskoli.kopavogur.is>

Grunnmenntaskólinn

Himinlifandi með árangurinn

- segir Guðmundína Einarsdóttir



Guðmundína Einarsdóttir

Grunnmenntaskóli Eflingar-stéttarfélags og Mímis hófst í september sl. Guðmundína Einarsdóttir vinnur á næturvöktum á Hrafnistu í Reykjavík við aðhlynningu.

Ástæðan fyrir því að ég er í Grunnmenntaskólanum er sú að ég útskrifast úr félagsliðanám í desember og er ákveðin að fara í sjúkraliðanám að því loknu. Ég er reyndar aðeins byrjuð í því námi og fann að ég þurfti að styrkja mig í grunnfögum. Það eru einmitt þær greinar sem eru undirstaðan í kennslunni hér og þó að ekki sé liðinn nema rúmur mánuður síðan skólinn byrjaði í haust er ég alveg himinlifandi með árangurinn hjá mér.

Þeir sem standa að þessum skóla eiga mikið hrós skilið og ég vona að einhvern tímann verði komið á framhaldsnámi í skólanum því að það er svo skemmtilegt að vera hér, sagði Guðmundína að lokum.



Guðmundur Ingi Bjarnason

Kennslan er **hnitmiðuð**

Guðmundur Ingi Bjarnason er í byggingarvinnu hjá Íslenskum Aðalverktökum. Hann segist vera að íhuga nám í Iðnskólanum og helst komi til greina nám í hönnun eða gullsmíði.

Ég var í námi í gullsmíði í 2 ár en þegar kom að verklega þættinum komst ég hvergi að hjá gullsmíð og varð að hætta. Kennslan er hnitmiðuð og námsefnið mjög vel undirbúið og ég fann strax að árangurinn lét ekki á sér standa. Kannski áttu eftir að hitta mig á gullsmíðaverkstæði einhvern tímann í framtíðinni og kaupa fallega gjöf handa konunni þinni, sagði Guðmundur og brosti.

Fróðleiksmolar

Fyrirvaralaus uppsögn

Hafðu samband strax við félagið þegar fyrirvaralaus uppsögn á sér stað. Einnig ef þú telur að ekki sé rétt staðið að uppsögninni eða brotið á þér.



Nýjar leiðir á sviði matvæla og þjónustu

Samræming menntaleiða

Frá síðasta hausti hefur verið starfandi samráðshópur Eflingar, Starfsafli fræðslusjóðs og fagaðila sem hefur unnið að stefnumótun

um nýjar menntaleiðir fyrir starfsmenn eldhúsa, mötuneyta, starfsfólks við framreiðslu og við matargerð.

Hópurinn er samsettur af fulltrúum stærstu vinnustaða á sviði framreiðslu matar og innan hótélgeirans. Ekki aðeins er hópurinn sammála um mikilvægi símenntunar fyrir starfsmenn sem vinna við og með matvæli heldur er einnig markmið með þessari vinnu að samræma styttri námskeið við formlegra nám og mynda þannig eina heild í öllu námi á matvælasviði. Í þessum tilgangi hefur m.a. verið tekið upp samstarf við Fræðsluráð hótél og matvælagreina ásamt fræðslusetri þeirra og Matvælasólans í Kópavogi, Sæmund Fróða.

Verið er að undirbúa nokkur mislög námskeið sem henta hverju sviði en hafa sameiginlegan grunn sem nýtist öllum. Með þessu er hægt að koma til móts við þarfir atvinnulífsins og einnig starfsmanna þar sem námið verður viðurkennt ef fólk vill halda áfram og stefna t.d. á matartæknánám eða í þjón eða aðrar leiðir innan matvæla- og framleiðslugeirans.

Stefnt er að að fyrsta námskeiðið verði haldið í febrúar og verður það nánar auglýst á vinnustöðum og heimasíðu Eflingar. Einnig eru veittar upplýsingar hjá Þórunni eða Garðari hjá Eflingu- stéttarfélagi og Maríönnu hjá Starfsafli.

BHS

vantar kemur frá
Hæni



Viltu læra á tölvuna heima í rólegheitum?

- Tölvunni breytt í myndver

Undanfarið hafa komið út hjá útgáfufyrirtækinu Hemru ný og spennandi hefti í ritröðinni *Á eigin spýtur*. Nýjustu kennsluheftin tengjast stafrænni ljósmyndun, mynd- og myndbandavinnslu. Félagsmenn í Eflingu geta nýtt sér einstaklingsstyrki úr starfsmenntasjóðum til kaupa á heftunum.

Styrkurinn nemur 75% af verði

hvers heftis, en auk þess eru heftin niðurgreidd þannig að félagsmenn fá hvert þeirra á 1.500 kr. hjá útgáfunni á sama tíma og leiðbeinandi verð út úr verslun er 2.180 kr. Þegar styrkur fræðslusjóðanna bætist við kostar hvert hefti félagsmenn aðeins 375 kr. í stað 2.180 kr.! Hægt er að kaupa stök hefti eða tilboðspakka og þá lækkar verðið enn meira.

Félagsmenn geta pantað heftin á vef Hemru, www.baekur.is, hringt í síma 511-4250 eða sent tölvupóst á netfangið styrmir@baekur.is. Heftin eru send ásamt reikningi án nokkurs aukakostnaðar ef greitt er með greiðslukorti. Ef óskað er eftir að fá pantanir sendar með póströfu bætist 500 kr. póströfugjald við hverja pöntun.

Á vef Hemru, www.baekur.is, er hægt að kynna sér efni allra heftanna og skoða sýnishorn úr nokkrum þeirra.

Í vetur verða í boði tilboðspakkar sem lækka verð hvers heftis enn meira. Næstu mánuði geturðu valið um einn af þökkunum hér fyrir neðan. Hver þeirra er að verðmæti 6.540 kr. en þú greiðir aðeins 1.000 kr. Þegar tillit hefur verið tekið til 75% styrks. Og ef þú kaupir þrjá pakka, alls níu hefti, greiðirðu aðeins 2.700 kr. eða 300 kr. fyrir eintakið þegar tillit hefur verið tekið til 75% endurgreiðslu.

Pakki 1 – Myndvinnsla: Stafræn ljósmyndun, Movie Maker 2, Photoshop 7

Pakki 2 – Microsoft-forrit: Windows XP, Word XP, Excel XP

Pakki 3 – Vefsmíði: HTML, Dreamweaver 4, Myndvinnsla

Vinnueftirlitið vill herða baráttu gegn einelti

Forvörnum og aðgerðum **gegn einelti**

- á að beita, segir Svava Jónsdóttir



Á undanförnum árum hefur athygli í vaxandi mæli beinst að einelti á vinnustöðum um leið og mönnum hefur orðið ljóst að hvers konar áreitni gagnvart starfsfólki er miklu algengara en áður var talið. Stéttarfélög hafa sinnt þessum vanda síðustu misseri og eru þekkt dæmi um ýmis eineltismál sem t.d. hafa komið til kasta Eflingar-stéttarfélags á undanförnum árum. Lengi vel skorti góðar viðmiðanir um hvað teldist vera einelti, þar sem hér getur verið um margs konar ótilhlýðilega hegðun að ræða. Eflingarblaðið hafði samband við Svövu Jónsdóttur, sem er sérfræðingur á rannsókna og heilbrigðisdeild Vinnueftirlitsins til að forvitnast um nýja reglugerð sem Vinnueftirlitið kynnti á dögnum og hefur þegar tekið gildi.

Markmiðið með reglugerðinni er að innan vinnustaða verði stuðlað að for-

vörnum og aðgerðum gegn einelti á vinnustöðum, segir Svava Jónsdóttir.

Mikilvægt er að atvinnurekendur, stjórnendur, starfsmenn og aðrir fulltrúar innan vinnustaða leggist á eitt um að skapa öruggt og heilsusamt

Orsakir eineltis geta verið margvíslegar en skipulag og framkvæmd vinnu getur átt stóran þátt í að skapa aðstæður þar sem einelti getur þróast



vinnuumhverfi og stuðla þannig að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna.

Orsakir eineltis

Geta yfirmenn gert eitthvað til að reyna að draga úr líkum á einelti á

vinnustaðnum?

Í reglugerðinni kemur m.a. fram að atvinnurekandi skal skipuleggja vinnu þannig að dregið sé úr hættu á að þær aðstæður skapist í vinnuumhverfi, sem leitt geti til eineltis eða annarrar ótilhlýðlegrar háttsemi. Orsakir eineltis geta verið margvíslegar en skipulag og framkvæmd vinnu getur átt stóran þátt í að skapa aðstæður þar sem einelti getur þróast, t.d. óljós verkaskipting, of mikið álag, tímaþröng og lélegt upplýsingaflæði o.fl. Skortur á umburðarlyndi gagnvart atriðum sem kunna að aðgreina starfsmann frá starfshópnum, s.s. aldur, þjóðerni, fötlun, kynferði, kynhegðun, trúarbrögð eða skoðanir geta stuðlað að einelti, einkum í starfshópi þar sem streita og óöryggi er ríkjandi.

Skýrar kröfur og markmið eru forsenda þess að ábyrgð og verksvið starfsmanna og stjórnenda geti verið ljós, sérstaklega. Óljósar væntingar um vinnuframlag geta leitt til ágreinings milli starfsfólks og jafnvel til niðurlægjandi framkomu og hegðunar. Þegar verkefnum er deilt á marga starfsmenn er mikilvægt að ábyrgð og verksvið hvers og eins sé ljós til að koma í veg fyrir misskilning og óvissu í samskiptum, t.d. milli samstarfsmanna, stjórnenda, viðskiptavina, skjólstaðinga og annarra sem tengjast starfinu.

Nýmæli í reglugerðinni er að atvinnurekandinn á að sjá til þess að meta aðstæður í vinnuumhverfinu, gera svokallað áhættumat. Hann skal einnig grípa til viðeigandi aðgerða í samræmi við niðurstöður áhættumatsins m.a. til að draga úr eða koma í veg fyrir að aðstæður, sem geta leitt til eineltis. Atvinnurekandinn skal hafa samráð við trúnaðarmann eða öryggistrúnaðarmann.

Að líða ekki einelti

Atvinnurekandi skal einnig gera starfsfólki það ljóst að einelti og önnur ótilhlýðileg háttsemi er óheimil á vinnustað og ber skyldu til að láta slíka háttsemi á vinnustað ekki viðgangast.

Hvaða úrræði hefur hinn almenni starfsmaður þegar hann upplifir einelti

af hálfu yfirmanna og þeirra sem hafa verkstjórnarvald yfir honum?

Starfsmaður sem hefur orðið fyrir einelti, eða hefur vitneskju um einelti eða ótilhlýðilega háttsemi á vinnustað, skal upplýsa atvinnurekanda, öryggisnefnd eða aðra vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins um það svo hægt sé að greina vandann og bregðast við á viðeigandi hátt. Mikilvægt er að grípa inn í sem fyrst svo að ágreiningsatriðum fjölgi ekki eða verði alvarleg.

Veikari staða starfsmanns

Í samskiptum milli stjórnenda og starfsmanns hefur starfsmaðurinn veikari stöðu. Stjórnendur mega ekki líða það að starfsmenn þeirra verði fyrir ótilhlýðilegri háttsemi. Þess í stað er það á þeirra ábyrgð að kanna hvaða aðstæður í vinnuumhverfinu liggja að baki niðrandi framkomu og koma í veg fyrir slíkt. Ekki er mest um vert að finna sökudólg, heldur viðurkenna vandamálin og leita uppbyggilegra leiða til úrbóta.

Staðreyndin er sú að erfiðara er að eiga við vandann því hærri stöðu sem

gerandinn hefur en markmið þessarar reglugerðar er að hvetja til forvarnarstarfs innan vinnustaðarinnar þannig að viðbragðsferli sé til staðar og hægt sé að leita til fleiri aðila á vinnustaðnum.

Dæmi um afleiðingar eineltis:

- Líkamleg og andleg vanlíðan
- Slæmt sjálfsmat
- Skortur á einbeitingu
- Félagsleg einangrun
- Minni afköst
- Veikindafjarvistir
- Hættir störfum

Ég tel að sú umræða sem hefur verið um einelti á vinnustöðum og almenn í samfélaginu, þá sérstaklega í skóla-kerfinu, hafi hjálpað verulega til að fá fram þessi mál í dagsljósið. Margar stofnanir og félagsamtök hafa gefið út góðar leiðbeiningar um hvernig taka eigi á þessum málum á vinnustöðum og annarsstaðar, bæði út frá einstaklingnum og því umhverfi sem hann er í. Vinnueftirlitið hefur nýlega gefið út

leiðbeiningarbækling um Einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum, einnig er á heimsíðu Vinnueftirlitsins ýmsar upplýsingar um aðferðir til að meta áhættu í vinnuumhverfi eða á, sagði Svava Jónsdóttir að lokum.



Þekking og færni starfsmanna: Lykill að betri framtíð

Mannauður veitir forskot í samkeppni

Fyrirtæki þurfa að styrkja þann mannauð sem býr í starfsmönnum og ná þannig forskoti í samkeppni og færni við breytingar. Starfsmenn þurfa markvissa þekkingu, þjálfun og hvatningu til að ná árangri.

Markvissar lausnir og uppfylling þarfa

Fræðsludeild löntæknistofnunar hefur um árabíl verið bakjarl fyrirtækja og starfsmanna þeirra. Deildin býður vandaða þjálfun, þekkingu og stuðning sem stuðlar að stöðugri starfsþróun, aukinni færni og meiri samkeppnishæfni.

Hæfnisuppbýgging

Þekkingarmiðlun Fræðsludeildar byggir á áralangri þekkingaruppbýggingu og reynslu. Á námskeiðum Fræðsludeildar er veitt þjálfun í að beita nýrri þekkingu á hagnýt viðfangsefni sem auðveldar þátttakendum að nýta nýja færni á vinnustað.

Ávinningur í allra þágu

Ávinningurinn er þekking, færni, ánægja og aukin yfirsýn til að takast á við breytingar. Fyrirtækin efla mannauðinn og styrkja samkeppnishæfni sína.

Hvar, hvenær og hvernig?

Lykill að þekkingu er á heimasíðu löntæknistofnunar www.iti.is undir fyrirsögninni **Námskeið**. Þar er hægt að nálgast upplýsingar um námsframboð, tímasetningar og skrá sig á námskeið. Einnig er bent á síma löntæknistofnunar **570 7100**, biðjið um **Fræðsludeild** og við tökum vel á móti þér.

Athugið: Fræðslusjóðir stéttarféлага styrkja félagsmenn til að sækja námskeið á vegum löntæknistofnunar.

NÁMSKEIÐ

Nánari upplýsingar í sínum **570 7100, 570 7289** og á vefsíðu okkar **www.iti.is**

löntæknistofnun



Efling-stéttarfélag

Styrkir SÁÁ um 1.5 milljón

Á jólafundi trúnaðarráðs Eflingar-stéttarfélags 14. desember sl. tilkynnti Sigurður Bessason að stjórn félagsins

og sjúkrasjóðs hefði ákveðið að styrkja SÁÁ um 1.5 milljón króna. Hann sagði í stuttu ávarpi að hann

vonaðist til að þetta framlag Eflingar mætti verða til þess að efla enn frekar gott starf SÁÁ gegn áfengis- og fíkniefnavandanum. Pórarinn Tyrfingsson þakkaði höfðinglegt framlag og sagðist vonast til að þetta hjálpaði samtökunum til að ná enn betri árangri í starfi sínu en hingað til.

Sigurður Bessason sagði í stuttu ávarpi að ljóst væri að neysla fíkniefna væri mikið feimnismál í mörgum fjölskyldum hér á landi. Flest okkar þekktu til þess að eiga einhvern nákominn sem hefur misstigið sig á lífsleiðinni að þessu leyti. Við litum á þennan vanda sem veikindi og Efling-stéttarfélag vildi með þessu framlagi rétta fram hjálparhönd í nauðsynlegu starfi SÁÁ.

Pórarinn Tyrfingsson þakkaði þessa höfðinglegu gjöf og hlýhug Eflingar-stéttarfélags í garð SÁÁ. Hann rifjaði upp að samtökin væru orðin 27 ára og hefðu lifað af hingað til. Hann sagði frá því að SÁÁ hefði rekið sjúkrastofnanir í erfiðu umhverfi þar sem viðhorf hefði verið jákvætt til starfsins á fyrstu árunum bæði frá almenningi, stjórnmalamönnum, samtökum og stéttarfélögum.

En þegar SÁÁ stóð frammi fyrir viðbótarframkvæmdum á Vogu þá kom í ljós að viðhorf fólks hafði breyst. Sjúklingar sem áður komu voru fullir þakklætis eftir meðferðina og voru á þeim aldri að þeir gátu lagt samtökunum lið. En núna voru margir svo ungir að þeir hugsa ekki svona. Sveitarfélögin vísuðu til ábyrgðar ríkisins. Ýmis stéttarfélög höfðu líka breytt um viðhorf þó það eigi ekki við um Eflingu, sagði Pórarinn.

Hann ræddi síðan um starf SÁÁ og þann mikla árangur sem orðið hefur af starfsemi frá upphafi. 17.000 einstaklingar hafa komið á Vog. Helmingur af þessum einstaklingum hefur bara komið einu sinni. 13.500 höfðu bara komið þrisvar sinnum eða sjaldnar. Þeir hafa fengið þá bót að þeir þurfa ekki lengur að koma inn á Vog. Um 550 einstaklingar hafa komið til okkar 10 sinnum eða oftar. Er það vegna þess að þeir þurfa ekki á því að halda? Nei, það er vegna þess að þetta eru einstaklingar sem eru oft illa farnir og minnumst þess að 75% af þessu fólki á ekki kost á endurhæfingu.

Pórarinn sagði að lokum að engum blöðum væri um það að fletta að árangurinn af þessu starfi er gríðarlegur. Mesta gleðin væri fólgin í því að sjá ungt fólk geta á ný tekist á við lífið, sagði hann.

Reykjavík

Sjóminjasafn að veruleika



Beðið eftir vinnu við höfnina

Það þarf kjark og áráðni til að hrinda af stað nýjum hugmyndum en ein slík er að verða að veruleika. Eftir langan undirbúning er Sjóminjasafn að verða til í Reykjavík. Hinn 30. nóvember s.l. voru undirritaðir samningar milli Reykjavíkurborgar og HB Granda, Íslandsbanka og Eimskipa um fjárframlög næstu þrjú árin til að tryggja reksturinn. Félag hefur verið stofnað um safnið en það verður opnað formlega í júní nk.

Safnið verður til húsa á Grandagarði 8, sem áður var Bæjarútgerð Reykjavíkur. Húsið verður gert upp og endurhannað með tilliti til safns en það er afbragðsvel staðsett við sjóinn með frábæru útsýni yfir gömlu höfnina.

Mikilvægt starf er nú framundan við að afla muna í safnið og vinna að því að ómetanlegar minjar glattist ekki.

Efling-stéttarfélag mun eiga aðild að fulltrúaráði safnsins og munu forsvarsmenn félagsins beita sér fyrir því að

myndir í eigu félagsins sem snerta hafnar og fiskverkastörf verði varðveittar eða notaðar til að bregða sýn á störf við sjóinn. Mikilvægt er ef fólk á muni frá eldri tíma sem sýni fiskverkastörf og hafnarstörf að koma þeim til safnsins

svo varðveisla sé trygg til framtíðar og öðrum gefist kostur á að sjá hvernig þessir eldri tímar voru.

Stefnt er að opnun safnsins á Sjómannadaginn 6. júní nk.



Útlitsteikning á nýju sjóminjasafni



Fyrsti stóri hópur félagsliða útskrifaður

Frábær árangur starfsmanna hjá Félagsþjónustunni

Það var ánægður hópur fimmtíu félagskvemma í Eflingu-stéttarfélagi sem útskrifaðist með félagsliðaréttindi 17. des. s.l. Þetta er merkisáfangi í sögu starfsmenntunar þar sem þessi hópur er að brjóta blað í námi, en slík tækifæri hafa ekki verið til áður. Námið var stundað með vinnu einn námsdag í viku í tvö ár auk nokkurra námshelga þar sem farið var í sérstök verkefni.

Þegar námið var auglýst fyrir rúmum tveimur árum sóttu um það bil níutíu manns um en námið hófu 56. Nokkrar þeirra hættu á fyrstu önnum. Námsflokkar Reykjavíkur sáu um kennsluna og komu þar nokkrir kennarar að verki en umsjón hafði Guðrún Halldórsdóttir skólastjóri Námsflokka auk Sigrúnar Karlsdóttur hjá Félagsþjónustunni.

Þessi frábæri árangur mun í framtíðinni skila miklu til samfélagsins þar sem starfsmenn verða færari um að sinna fjölbreyttari verkefnum eftir námið. Stærsti hluti hópsins er að vinna við heimaþjónustu og þar sem heimaþjónusta er ein mikilvægasta stoðin fyrir aldraða og fatlaða til að geta búið sem lengst heima mun þessi hópur hafa mikla þýðingu til að ná því markmiði.

Síminn

Mat á *hæfni* og *þekkingu* starfsmanna

- Styttir nám sem sparar peninga og tíma



Í síðustu kjarasamningum Eflingar var komið á samstarfshópi félagsins og Starfsafls (fræðslusjóð atvinnurekenda og Flóabandalagsins) með Símanum, Iðnskólanum í Reykjavík og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Markmið hópins var að koma upp framboði á starfsþjálfunarnámskeiðum fyrir félagsmenn

hjá Símanum sem miða að því að gera þá hæfari í starfi og um leið byggja brýr fyrir þá sem áhuga hafa á því að fá færni sína metna til styttingar á iðnnámi í símsmíði.

Í upphafi var haldinn kynningarfundur með hópnum, en könnun á meðal starfsmanna leiddi í ljós að um tuttugu manns höfðu áhuga á að fá

mat á þekkingu og kunnáttu. Þeir nutu aðstoðar náms- og starfsráðgjafa, kennara og fræðslustjóra Símans við að lýsa þeirri kunnáttu sem þeir hafa þróað með sér með námi og starfi. Þá tóku við viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa þar sem farið var yfir skráningu og rätt um námið.

Út frá niðurstöðum um kunnáttu og þekkingu starfsmanna var unnið yfirlit yfir þá þætti sem mögulegt er að meta hjá hverjum einstaklingi fyrir sig til styttingar á námi í símsmíði. Síminn metur inn þá áfanga sem hann hefur umsjón með í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem leggur til leiðbeiningar varðandi tilhögun matsins. Iðnskólinn í Reykjavík mun koma til móts við tilvonandi nemendur á sama máta.

Með raunfærnimati þ.e. mati á þeirri kunnáttu og hæfni sem starfsmaður hefur aflað sér og þá um leið styttingu á námi sparar nemandinn bæði tíma og peninga því að það er oft ærið verk fyrir fullorðinn einstakling að þurfa að byrja á upphafsreit í skóla-kerfinu. Um leið fær fyrirtækið góða yfirsýn yfir hæfni starfsmanna sinna og það gerir því kleift að velja fræðslu við hæfi og stuðla þannig að auknum gæðum í framleiðslu og þjónustu.

Fróðleiksmolar

Ef þér er sagt upp störfum – hafðu samband strax!!!

Efling-stéttarfélag vill benda félagsmönnum sínum á að hringja til félagsins ef þeim er sagt upp störfum.

Uppsögn á alltaf að vera skrifleg og dagsett því annars er hættu á að fyrirtæki leiki þann leik að þræta fyrir að uppsögnin hafi átt sér stað.

Þannig geta tapast launakröfur.

Starfsmönnum er sagt upp munnlega en geta ekki sannað það að þeir eigi laun inni hjá fyrirtækinu.

Það er mjög áriðandi að starfsmenn hafi alltaf samband við félagið **strax** og uppsögn hefur átt sér stað.



Karl Ó. Karlsson



Lára V. Júlíusdóttir



Atli Gíslason

Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar lögmanna

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverj-

um þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.



Námsráðgjöf endaði með námi

Skemmtilegur vetur

- segir Eygló Haraldsdóttir

Eygló Haraldsdóttir sá auglýsingu um námsráðgjöf á vegum Eflingar á Hjúkr-unarheimilinu Sóltúni þar sem hún vinnur við umönnun. Hún ákvað að panta tíma hjá ráðgjafa og eftir að hafa mætt í tvö viðtöl og farið í gegnum ítarlega áhugasviðskönnun sótti hún um

nám á listabraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og komst inn.

Í haust byrjaði hún svo af fullum krafti í þrem greinum og var listasaga og hönnun auðvitað efst á blaði hjá mér, segir hún. Svo fór hún líka í ensku og með aðstoð góðra vina tókst henni að

ljúka önninni og náði hún sér í samtals 20 einingar þegar allt var talið með. Ég var elst í bekknum en krakkarnir tóku mér mjög vel og veturinn er búinn að vera mjög skemmtilegur, segir Eygló. Ég vinn á vöktum og það hefur auðveldað mér að mæta í skólann á daginn.

Eftir að hafa reynt þetta get ég alveg mælt með því að bæði konur og karlar sem hafa áhuga á að mennta sig fari í námsráðgjöf sem okkur er boðið upp á hjá Eflingu, sagði Eygló að lokum.

Fróðleiksmolar

Er trúnaðarmaður
á þínum vinnustað?

Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500
Félagar- fylgist með réttindum ykkar!!!!



Pétur Sigurðsson

Efling, Starfsafl og Mímir með námskeið hjá föngum í Vernd

Hófu strax að **lagfæra sín mál**

-segir Pétur Sigurðsson hjá Vernd fangahjálpi

Í fyrravetur ákváðu forsvarsmenn hjá Vernd fangahjálpi að leita aðstoð-

ar hjá verkalýðshreyfingunni til þess að halda námskeið fyrir fanga sem

dvöldu hjá þeim tímabundið vegna afplánunar fangelsisdóms. Haft var samband við Aðalstein Baldursson á Húsavík og Garðar Vilhjálmsson hjá Eflingu og varð niðurstaðan sú að Starfsafl og Landsmennt ákváðu að veita 200.000 króna styrk samanlagt til verkefnisins. Mímir símenntun tók að sér skipulagningu námskeiðanna og útvegaði leiðbeinendur en Pétur Sigurðsson, starfsmaður Verndar, aðstoðaði við undirbúninginn. Hann sagði að góð reynsla hefði fengist af þessu starfi.

Hugmyndin að námskeiðshaldinu tengist því að þeir sem koma hingað eru oft með mjög skerta sjálfsmynd og ýmis vandamál sem þeir þurfa að takast á við þegar afplánun líkur. Við töldum að Efling gæti verið góður samstarfsaðili m.a. vegna þess að okkur fannst nauðsynlegt að skoða ýmis atriði í sambandi við réttindi sem tapast þegar einstaklingar lenda í fangelsi og hætta að greiða félagsgjöld af þeim sökum. Reyndar hafa þær breytingar orðið núna að fangar geta fengið stuðning frá starfsmenntasjóðum Eflingar og það er mikill stuðningur fyrir okkar skjólstæðinga.

Fyrsta námskeiðið hafði yfirskriftina „Réttindi og skyldur á vinnumarkaði“ og flutti Garðar Vilhjálmsson, fræðslustjóri Eflingar, mjög fróðlegt erindi um þessi mál. Pétur sagði að hann vissi til þess að nokkrir heimilismenn hefðu þegar hafist handa við að lagfæra sín mál þannig að þessi fyrirlestur gaf góða raun. Síðan var haldið námskeið um tölvur og internetið. Námskeið um raunfærni og sjálfsmat var mjög vel sótt. Þar var m.a. fjallað um sjálfstyrkingu og gagnsemi menntunar í atvinnulegu tilíti. Svo lukum við þessu námskeiðahaldi á matreiðslunámskeiði. Í framhaldi af þessum námskeiðum er skemmtilegt að geta sagt frá því að sú hugmynd kom upp að fara með svipuð námskeið í fangelsi og það er búið að halda eitt sjálfstyrkingarnámskeið á Litla Hrauni sem tókst mjög vel og til stendur að halda fleiri í vetur.

Pétur segir ennfremur að Starfsafl og Landsmennt hafi ákveðið að veita þeim nýjan styrk með sömu upphæð og búið sé að ákveða að halda áfram með svipuð námskeið í vetur. Það kom fram á námskeiðunum í fyrra að lesblinda er nokkuð stórt vandamál meðal fanga og það er nauðsynlegt að taka á því máli til þess að fangar geti betur nýtt sér fræðslu sem þeim stendur til boða, sagði Pétur að lokum.

Mannaskiptiverkefni Eflingar og Leonardó Da Vinci

Tæknilega fullkomnari

En reyktja mikið - Segja þau Guðbjörg og Jóhann



Jóhann og Guðbjörg við störf hjá Hörpu Sjöfn

Í byrjun nóvember héldu tveir starfsmenn Hörpu Sjafnar málningarverksmiðju í kynnisferð á vegum Eflingar og mannaskiptaáætlunar Leonardó til Kolding í Danmörku í þeim tilgangi að skoða Flugger málningarverksmiðjuna. Ferðin tókst í alla staði mjög vel að sögn ferðafélaganna Guðbjargar Guðnadóttur og Jóhanns Hreggviðssonar. Heyrum hvað þau Guðbjörg og Jóhann hafa að segja um ferðina.

Við fengum að fylgjast með framleiðslunni í verksmiðjunni en þar er eingöngu framleidd vatnsmálning. Margt af því sem við sáum kom skemmtilega á óvart og má þar fyrst nefna sjálfvirknina í framleiðsluferlinu. Það þarf aðeins einn starfsmann til þess að fylgjast með framleiðslunni frá því að málningunni er dælt í á-töppunarvél og þar til hún er komin í umbúðum á bretti á lagernum. En hjá Hörpu Sjöfn þarf að minnsta kosti

fjóra starfsmenn til þess að vinna við samskonar ferli í framleiðslunni. Eins kom aðbúnaður starfsmanna við vélarnar á óvart.

Ef við tókum fyrst fyrir það jákvæða þá var sérútbúin ryksuga við hverja vél sem hægt var að nota til þess að fjarlægja duft eða önnur óhreinindi sem féllu á gólfid. Svo notuðu þeir líka sérstaka ryksugu sem var smellt utan um poka fulla af dufti og síðan var þeim lyft upp og losaðir í pottana þar

sem málningin er blönduð. Þetta verk er framkvæmt hjá okkur með lyftara sem lyftir poka sem er losaður með handafli í pottinn. Lokin á pottunum í verksmiðjunni hjá dónunum eru úr plasti en við notum trélok.

Við hrifumst mjög mikið af aðferðinni sem danirnir notuðu til þess að hreinsa rörin sem eru notuð til þess að flytja málninguna að átöppunarvélinni. Hún felst í því að litlum gúmmíhólki sem nefnist rottan er komið fyrir á ákveðnum stað í rörinu. Síðan er tölva notuð til þess að skjóta henni áfram og aftur til baka og rörin eru tilbúin fyrir næstu blöndu.

Það neikvæða sem við sáum í skoðunarferðum um verksmiðjuna var að á hverri vél var búið að koma fyrir öskubakka og starfsmenn stóðu þar og reyktu mikið. Svo sátu þeir við borð sem stóðu við vélarnar og reyktu mikið og drukku kaffi. Okkur fannst þetta framferði fyrir neðan allar hellur svo ekki sé gripið til sterkari orða. Að þessu leyti stöndum við miklu framar en danir því bannað er að reykja í




Jóhann og Guðbjörg fyrir utan höfuðstöðvar Flügger

Hörpu Sjöfn.

Við erum afskaplega þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að fara í

þessa ferð og erum fullviss um að við eigum eftir að búa að henni lengi, sögðu Guðbjörg og Jóhann að lokum.



Lausnarorð:

Nafn: _____ Vinnustaður: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Kennitala: _____

Verðlaunakrossgáta


Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**. Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík. Svar þarf að berast fyrir 10. febrúar nk.



Vinningshafinn

Hér afhendir Hjördís Baldursdóttir, þjónustufulltrúi hjá Eflingu-stéttarfélagi Hólmfríði Hólmgrímsdóttur, starfsmanni í Hvassaleiti, ávísun að upphæð 15.000 fyrir lausn á síðustu krossgátu. Óskar félagið henni til hamingju.

Lausn síðustu krossgátu



Lausnarorðið var:
GAUTABORG



VINNUMIÐLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysissskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.



Borgarleikhúsið gerir Eflingu áfram kostaboð

Vesturfararnir á svið

Borgarleikhúsið hefur áfram gert félagsmönnum Eflingar kostaboð á sýningar leikhússins í vetur og vor. Mörg hundruð félagsmenn sækja leiksýningar leikhússins á hverju misseri og nú eiga listunnendur frá-bærar sýningar í vændum þar á meðal vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar, Híbyli vindanna, í leikgerð Bjarna Jónssonar.

Þar segir frá Ólafi Jenssyni víólín og

ættmennum hans sem fluttu vestur um haf í lok 19. aldar. Um leið er þetta saga lífsbaráttu Íslendinga austan hafs og vestan á ofanverðri 19. öld og í upphafi þeirrar tuttugustu. Híbyli vindanna er leikrit um drauma, brostnar vonir og söknuð, en fjallar síðast en ekki síst um þrautseigju og fórnir fólks í leit að nýjum samastað í tilverunni. Áhugi alls almennings á Íslandi á sögu vesturfarana hefur stóráukist á undanförnum árum

og eiga bækur Böðvars Guðmundssonar, Híbyli vindanna og Lífsins tré, ekki síst þátt í því.

Fleiri skemmtileg verk á döfinni

Það verða fleiri ný íslensk verk á fjöl-unum núna eftir áramótin, því leikrit eftir Kristínu Ómarsdóttur verður frumsýnt á Nýja sviðinu í janúar. Kristín er eitt af okkar fremstu leikskáldum og mun ekki bregðast aðdáendum sínum í þessu nýja verki sem heitir SEGÐU MÉR ALLT og verður leikstýrt af Auði Bjarnadóttur. Ung og glæsileg leikkona kemur til liðs við Borgarleikhúsið í þessu verki. Það er Álfrún Örnólfsdóttir sem m.a. fer með titilhlutverkið í kvikmyndinni Dís og hefur verið tilnefnd sem ein af efnilegustu ungu leikkonum í Evrópu þetta árið.

Borgarleikhúsið og útskriftarárgangur leiklistardeildar Listaháskólans munu í samstarfi sýna Draumleik Strindbergs á Stóra sviðinu í febrúar í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Stefán Jónsson mun leikstýra Hryðjuverki eftir Presnyakov-bræður á Nýja sviðinu í mars.

Ljósmyndin sem hér fylgir sýnir þennan skemmtilega leikhóp á æfingu á Híbylum vindanna. Sigfús Már Pétursson tók myndina.

